

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 6. september 2018 - R18090011

	Fundargerðir:	
	Annað	
R17060151	Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar um svifryk, dags. 7.5.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18080042	Bréf ÍTR, dags. 10.8.'18, vegna tjaldstæðisins í Laugardal.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16060113	Tilkynning Þjóðskrár um fasteignamat 2019.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R18090013	Bréf mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 22.8.'18, varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni í íþrótt- og æskulýðsstarfi.	Sent íþrótt- og tómstundasviði, skóla- og frístundasviði, mannréttindaskrifstofu og mannauðsdeild til meðferðar.
R17080183	Erindi Secret Solstice, dags. 31.8.'18	Sent íþrótt- og tómstundasviði til meðferðar.
R18090022	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um viðbrögð vegna útgjalda vegna langtímaveikinda, 6.9.'18.	Sent mannauðsdeild til umsagnar.
R18090023	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um biðtíma leik- og grunnskólabarna eftir sálfræðiþjónustu, 6.9.'18.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18080164	Erindi Veitna, dags. 23.8.'18, varðandi lokun vega í Heiðmörk.	Sent skipulags- og samgönguráði til meðferðar.
R18080196	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreyfingu á íbúðum hjá Félagsbústöðum, 30.8.'18.	Sent Félagsbústöðum til umsagnar.
R18080195	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda.	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um slagorðaherferð Strætó, 30.8.'18	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við slagorða á Strætó, 30.8.'18	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við að heilmerkja strætisvagn, 30.8.'18.	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um um hvers vegna var hætt að selja auglýsingar á strætisvagna, 30.8.'18	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við merkingar strætisvagna 30.8.'18.	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um um heildartekjur vegna sölu auglýsinga á strætisvögnum, 30.8.'18.	Sent Strætó til umsagnar.
R18080193	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvenær var ákveðið að hætta að selja auglýsingar á strætisvagna, 30.8.'18.	Sent Strætó til umsagnar.
R18080192	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ráðningaferli við ráðningu skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar, 30.8.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18080192	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar, 30.8.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18080190	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um uppbyggingaráform, 30.8.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18080189	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um	Sent umhverfis- og skipulagssviði til

	kostnað við þrengingu Hofsvallagötu, 30.8.'18.	umsagnar.
R18080188	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við þrengingu Grensásvegar, 30.8.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18080187	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um þrengingu Borgartúns, 30.8.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18080186	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við framkvæmdir við Birkimel, 30.8.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18010361	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við upplýsingatækni hjá borginni, 30.8.'18.	Sent skrifstofu þjónustu og reksturs og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R17080091	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna bragga í Nauthólsvík, 6.9.'18.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgarráð
Tjarnargata 11
101 REYKJAVÍK

Málsnr: 217060151
Skjalasafn Ráðhúss

14. maí 2018

Bréfalykill: 2450

Reykjavík, 7. maí 2018
Tilvísun: 2018010189/0.6.1

Efni: Kynning á skýrslu Nýsköpunarmiðstöðar dags. mars 2018; Svifryk um áramót 2017/2018 – mæling á málmum og PAH.

Á 128. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 4. maí 2018 var eftirfarandi mál lagt fram:

Kynning á skýrslu Nýsköpunarmiðstöðar dags. mars 2018; Svifryk um áramót 2017/2018 – mæling á málmum og PAH.

Fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar er boðaður á fundinn.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur leggur fram svohljóðandi bókun:

„Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þakkar Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir kynningu á niðurstöðum mælinga á svifryksmengun áramótin 2017/2018. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hvetur sveitastjórnir á höfuðborgarsvæðinu ásamt öðrum heilbrigðisnefndum á svæðinu að taka niðurstöður skýrslunar alvarlega m.t.t. að skoða úrræði til að bregðast við þeirri miklu mengun sem niðurstöðurnar sýna með markmiði að minnka eða ná böndum á að slíkt endurtaki sig. Nefndin hvetur einnig löggjafann til að endurskoða lagaumhverfi með það í huga að draga úr heilsuskaðandi áhrifum flugelda.

Mælingarnar sýna að um er að ræða efni í formi svifryks sem innihalda alla helstu málma og önnur hættuleg efni langt yfir öll viðmiðunarmörk og eru heilsuspillandi.“

Hermann Þórðarson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands tekur sæti undir þessum lið.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Örn Sigurðsson



Reykjavíkurborg
Íþróttar- og tómstundasvið

Málsnr.: R18080042
Skjalasafn Ráðhúss
13. ágú. 2018
Bréfalykill: 6200

Reykjavík, 10. ágúst 2018
2018080002

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tjaldstæðið í Laugardal

Borgarráði er hér með sent minnisblað sem ÍTR barst frá Farfuglum 2. og 9. ágúst 2018 vegna rekstur tjaldstæðanna í Laugardal.


Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Minnisblað

2. ágúst 2018

Til: Ómars Einarssonar sviðsstjóra ÍTR

Frá: Þorsteini Jóhannessyni, framkvæmdastjóra Farfugla ses og Sigríði Ólafsdóttur rekstrarstjóra Farfugla ses.

Efni: Tjaldsvæðið í Laugardal

Þróun á starfsemi og þjónustu á tjaldsvæðinu

Mannvirki.

Hönnun og bygging baðhúss og nýjs þjónustuhúss við Tjaldsvæðið til viðbótar við eldri byggingu var unnin af Reykjavíkurborg í miklu og góðu samstarfi við rekstraraðilann, Farfugla. Eftir að mannvirkin voru að öllu leiti tilbúin batnaði þjónustan til muna. Eftir 2015 var hægt að kynna með réttu aðstöðu sem annað gæti núverandi fjölda þeirra sem sóttu tjaldsvæðisins og auknum kröfum þeirra um aðbúnað og þjónustu. Þróunin síðustu árin hefur orðið sú að ferðamannatíminn lengist, fleiri ferðast um á litlum húsbílum og allt árið um kring.

Opnunartími.

Eftir að svæðið varð tilbúið 2016 var í samráði við borgina tekin ákvörðun um að lengja opnunartíma og hafa hann frá 1. maí og út september strax það sama ár (var áður 15.5. – 15.9) enda hafði eftirspurnin aukist; fjöldi ferðamanna í tjöldum og húsbílum jókst ár frá ári. Ferðafólk á Camperum sótti í að leggja á bílastæðum borgarinnar, við einkalóðir og opin svæði. Tilmæli komu frá SAF um að koma til móts við þessar nýju þarfir.

Með því að lengja opnunartímann og auka eftirlit vildu Farfuglar einnig auka eftirlit með svæðinu. Því miður var það svo að yfir vetrartímann höfðu skemmdir verið unnar á svæðinu og mannvirkjum af utanaðkomandi aðilum sem sóttust í að safnast saman við lokað þjónustuhúsið

- Veturinn 2016-2017 auglýstu Farfuglar Tjaldsvæðið opið allt árið í 1 skipti. Aðstaðan úti á svæði var opin út nóvember og frá mars en utan þess tíma gestum á aðstöðu Farfuglaheimilsins. Húsbílasvæðið var lokað frá hausti með nokkrum undantekningu; Talsvert var um umferð tjaldgesta og annarra sem ferðuðust um á Camperum en dró þó mjög úr yfir hávetrartímann; desember – mars.
- Veturinn 2017-2018 kynntu Farfuglar sömu opnun og árið áður. Í fyrsta skipti var húsbílasvæðið opið fyrir umferð yfir veturinn enda hafði borgin styrkt bílasvæðið og hellulagt hluta þess. Í boði voru mánaðargjöld frá október til lok mars til ferðafólks og annarra sem vantaði rafmagn fyrir bílana sína. Nú bar svo við að svæðið fylltist hratt. Heimtaugin dugði ekki fyrir þann fjölda sem kom sér fyrir og kynnti misstóra bíla og tjöld með ýmsum aðferðum og snúrum. Rafmagni sló út í desember og ljós var að setja þurfti hámark á fjölda bíla sem mættu fara í rafmagn í einu (um 18bílar). Þetta varð til þess að ferðamönnum bauðst ekki lengur aðstaða fyrir húsbíla og aðgengi að rafmagni.

Þjónustuhúsi Tjaldmiðstöðvarinnar lokaði um 20. nóvember sl og vísað var á aðstöðu Farfuglaheimilsins við hliðina; eldhúsaðstöðu, stofur, þjónustu, böð og klósett. Opið þráðlaust net er úti á húsbílasvæði. Opið var inn á Farfuglaheimili allan sólarhringinn en eftir miðnætti til um kl 6 þurftu gestir að ganga um framdyrnar og hringja bjöllu til að komast inn.

Sólarhringsvakt var á húsinu.

Ferðamenn voru almennt ánægðir með þessa aðstöðu sem í boði var des-apríl.

Langtímaleigjendur voru hins vegar almennt margir ónægðir og báðu um að hafa aðstöðu á tjaldsvæðinu sjálfu opnu eða hafa lykil að aðstöðunni sjálfir sem þeir fengu ekki. Farfuglar gátu ekki öryggisins vegna leyft svæði að standa ómannað og ólæst. Einnig þarf að taka það fram að aðstaðan er ekki hönnuð fyrir heilsársnotkun. Skrúfa þurfti t.d. fyrir vatnið á eldri aðstöðu yfir kaldasta tímabilið og það vantar upp á lýsingu á útisvæði.

Byrjað var að opna fyrir aðstöðu Tjaldsvæðisins aftur í vor í lok mars / byrjun apríl en áfram var hægt að nýta sér aðstöðu Farfuglaheimilisins og eftirlit með svæðinu fól í sér að halda við göngustígum. Í veðurfari vorsins reyndist það oft erfitt. Í vor eins og á hverju ári, fór fram allsherjar hreingerning og standsetning þjónusturýma fyrir sumarið. Verktakafyrirtæki sér um extra vönduð sérþrif en vegna mistaka í skipulagi voru þau ekki framkvæmd fyrr en nokkru eftir að búið var að opna að einhverju leiti. Aðstaðan hefði því mátt vera í betra ástandi fyrstu dagana sem opið var í vor en búið er að gera ráðstafanir svo þetta gerist ekki aftur

Framkvæmdir og staðan á svæðinu.

Sumarveður

Veðurfar hefur verið óvanalega slæmt í sumar og ber svæðið þess nokkur merki á miðju sumri. Sumsstaðar hafa myndast djúpir forarpittir og gróður er úr sér vaxinn. Borgin hefur þurft að sæta lagi til að ná að slá svæðið. Stór grasflöt sem opnuð var til að anna mikilli umferð lítilla húsbíla sem annars kæmst ekki fyrir á bílasvæðum hefur látið nokkuð á sjá. Þrif á þjónustuhúsum eru erfiðari í blautviðri og kulda. Gestir dvelja meira inn í húsum.

Nýleg verkefni á vegum Borgarinnar.

Samstarfið við Reykjavíkurborg hefur eins og fyrri ár verið einstaklega gott. Frá því í vetur hefur borgin unnið að ýmsum verkefnum og umhirðu á svæðinu en þar má nefna:

- Hellulögn á húsbílasvæðinu var lokið frá fyrra ári. Unnið var við lögnina í vor eftir að fjárveiting fékkst og náðist að klára verkið fyrir júní. Húsbílar geta nú lagt allan hringinn á hellulögn og svæðið helst mun þurrara og þrifalegra. Verkefnið var unnið í samstarfi við þá langtímaleigjendur í húsbílum í apríl og maí sem enn voru á staðnum; þ.e. þeir færðu sig til og rýmdu fyrir verktakann þessar vikur sem unnið var.
- Svæði til hliðar við húsbílasvæðið sem orðið var mjög hæðótt hefur verið sléttað og grasi sáð að nýju. Einföldum girðingum til varnar bílaumferð var tillt upp.
- Trjágróður var mikið hreinsaður í vor á svæðinu.
- Ný heimtaug kom inn á Tjaldsvæðið. Það sást talsvert rask og uppgröftur við eldra þjónustuhúss vegna þessa þegar unnið var í að leggja nýja raftaug inn í hús. Hellur fóru á sinn stað í maí.

Þá eru ýmis verkefni sem kominn er tími á að fara í eins og viðhald á steypu bílasvæði við Sundlaugaveg, stækkun svæðis fyrir minni húsbíla sem ekki þurfa á rafmagni að halda. Farfuglar hafa verið í sambandi við borgarstarfsmenn vegna þessa.

Húsnæði.

Mannvirki tjaldsvæðisins eru í góðu standi. Einna helst reynir á gamla upprunalega húsið og útiaðstöðu þar í kring. Heyrst hafa utan frá ábendingar um að hér ríki viðhaldsleysi og í því sambandi má m.a. benda á:

- Allur viður í húsum að utan og innan er harðviður sem ekki skal bera í skv. arkitekt hússins. Viðurinn smitar út viðarolíu við ákveðin skilyrði. Þetta er viðurkennt í eftirlitsskýrslum Heilbrigðiseftirlitsins ár hvert sem gerir engar athugasemdir við þetta ástand hússins.
- Útihúsgögn við þjónustuhús eru einnig úr harðvið. Þetta eru gróf borð sem þurfa að þola mikla notkun og eldamennsku á grillum. Við spúlum þau upp á vorin og yfir sumarið er þeim haldið við sem hluta af daglegum þrifum. Ekki hefur gefist vel að lakka þessi borð en skoða mætti að þússa þau upp sem hluta af undirbúningi sumars.
- Þau nokkru útiborð önnur sem eru á svæðinu eru mikið notuð allt árið um kring af vegfarendum um laugardalinn og gestum Tjaldsvæðisins og mættu vera fleiri.

Verð og þjónusta

Laugardalur

Tjaldsvæðið í Laugardal hefur einstaka staðsetningu miðsvæðis í höfuðborginni. Þjónusta og aðstaða fyrir gesti á sér enga hliðstæðu á Íslandi.

Gisting: **2000** kr (7-14nætur) // **2300** kr (3-6nætur) // **2400** kr (1-2 nætur). Gistináttaskattur er 300 kr per einingu og er innifalinn í verði.

Innifalið: Sturta, eldunaraðstaða í fullbúnu eldhúsi og matsalur/setustofa, netaðgangur.

Rafmagn: 1000 kr dagurinn.

Önnur þjónusta: Upplýsingamiðstöð, kaffisala, geymslur, þvottaaðstaða, hjólaleiga, matarhillur.

Sólarhringsvakt á svæðinu.

Verð per mánuð fyrir húsbíla / hjólhýsi (óháð fjölda gesta) síðastliðinn vetur var í október og nóvember 40.000/48.000 kr (án/með ragmagni) og desember-apríl 30.000/35.000 kr (án/með rafmagns) Til viðbótar var gefinn 5000 kr öryrkjaafsláttur.

Þar af er gistináttaskattur 300 kr á nóttu eða um 9000 kr á mánuði af mánaðarleigunni.

Leiga desembermánaðar var felld niður, aðallega vegna rafmagnstruflana og styttingar leigutíma margra gesta.

Hámarksdöl gesta yfir tímabilið 1.5 – 30.9. er 14nætur. Starfsfólk getur gert undantekningu á þeirri reglu gegn skilyrðum en ekki er boðið upp á mánaðarleigu yfir sumarmánuðina.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á verðum á milli ára 2017 og 2018. Verð fyrir manninn hækkaði um 100 kr og aðgangur húsbíla að rafmagni einnig um 100 kr. Á sama tíma hækkar gistináttaskattur úr 100 kr per einingu (tjald / bíll) upp í 300kr eða um 200 kr.

Verð á nokkrum stærri tjaldsvæðum landsins til samanburðar.

Grafarvogur,

Gisting: 1.900 kr.

Sturta: 350 kr.

Samtals: 2.250 kr./gest

Ásbyrgi

Gisting: 1.900 kr.

Sturta: 500 kr.

Samtals: 2.400 kr./gest

Geysir, Haukadal

Gisting: 1.800 kr.

Sturta: 500 kr.

Samtals: 2.300 kr./gest

Flúðir

Gisting: 1.750 kr.

Netaðgangur: 500 kr.

Samtals: 2.250 kr./gest

Vaglaskógur

Gisting: 1.500 kr.

Sturta: 400 kr.

Gistináttaskattur: 300 kr./tjald

Samtals: 2.200 kr./gest (ef einn gestur)

Básar

Gisting: 1.500 kr.

Sturta: 500 kr.

Samtals: 2.000 kr./gest

Grindavík

Gisting: 1.800 kr.

Sturta: innifalin

Samtals: 1.800 kr./gest

Vestmannaeyjar

Gisting: 1.500 kr.

Sturta: innifalin

Samtals: 1.500 kr./gest

Umhverfisstjórnun, gæðamál, sjálfbærni

Sú reynsla sem Farfuglar hafa öðlast af sjálfbærni og umhverfismálum á Farfuglaheimilunum hefur verið notuð markviss til að lágmarka umhverfisáhrif af rekstri tjaldsvæðisins, jafnvel þó rekstrarumgjörð þess sé með öðrum hætti en heimilanna. Farfuglar binda það litla kolefnisspor sem eftir er með gróðursetningu.

Umhverfis- og gæðastjóri Farfugla hefur eftirlit með umhverfisstjórnun og gæðamálum á tjaldsvæðinu. Eingöngu eru notaðar umhverfisstjórnunarmál efnavörur við dagleg þrif á snyrtingum og almennu rými tjaldsvæðisins. Orku- og vatnsnotkun er vöktuð reglulega og fylgst er náið með frávikum. Í góðu samstarfi við starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur þannig verið hægt að bregðast skjótt við og draga úr sóun.

Miklar úrbætur hafa verið gerðar á sorpflokkun á tjaldsvæðinu til að bæta umgengni og auka þátttöku gesta í sorpflokkun. Mikill árangur hefur náðst á síðustu tveimur árum í góðu samstarfi við Gámaþjónustuna sem sér um sorphirðuna. Ítarleg sorpflokkun er á tveimur móttökusvæðum á tjaldsvæðinu. Flokkað er í sjö flokka úrgangs auk þess sem tekið er við spilliefnum og sóttmenguðum úrgangi. Í samstarfi við Græna skáta er skilagjaldsskyldum drykkjarumbúðum safnað.

Auk ofangreinds er fötum, sem skilin eru eftir, safnað og komið á skiptimarkað ásamt nytjahlutum sem verða eftir á svæðinu. Á tjaldsvæðinu eru sérstakar hillur merktar skiptimarkaði og þar er gestum velkomnið að sækja sér hluti sem þeim geta nýst. Einnig eru gestir hvattir til að skilja eftir matvöru sem ekki nýtist þeim og ekki er komin fram yfir síðasta neysludag. Sérmerktar körfur í sameiginlegu eldhúsi eru aðgengilegar þeim sem vilja nýta sér matvöru sem skilin hefur verið eftir.

Um starf Farfugla

Farfuglar eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að styðja við sjálfbæra og ábyrga ferðamennsku og menningarlega fjölbreytni. Samtökin, sem stofnuð voru árið 1939, eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Samtökin eru aðilar að alþjóðasamtökum Farfugla – Hostelling International – og eiga systursamtök í 60 löndum um heim allan. Sjálfbærni og umhverfismál hafa verið í hávegum í starfsemi Farfugla um langa hrið og Farfuglar eru leiðandi í sjálfbærri ferðapjónustu á Íslandi.

Farfuglar hafa sinnt fjölmörgum verkefnum sem styðja við hlutverk þeirra og sýn og sem hafa það að markmiði að efla sjálfbærni í víðum skilningi. Af þeim má nefna verkefnið Skóg í skó þar sem unnið er út frá menningararfi Íslendinga um jólasveina til að efla gróðursetningu og kolefnisbindingu. Starfsfólki Farfugla stendur til boða að gera samgöngusamninga til að efla vistvænar samgöngur. Farfuglaheimilin í Reykjavík hafa kolefnisjafnað rekstur sinn frá 2016. Lesa má um fjölbreytt verkefni Farfugla á vefnum <https://www.hostel.is/social--sustainable>

Öll Farfuglaheimilin á Íslandi starfa samkvæmt gæða- og umhverfisstöðlum Farfugla. Farfuglaheimilin þrjú í Reykjavík eru vottuð Svaninum opinberu umhverfismerki Norðurlandanna en Farfuglaheimilið í Laugardal var fyrsti gististaður á Íslandi til að hljóta Svansvottun. Farfuglaheimilin í Reykjavík hlutu umhverfisverðlaun Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2010.

Rekstur tjaldsvæðisins

Farfuglar eru afar ánægðir með farsælt samstarf við borgina, ÍTR og USK í gegnum árin.

Reksturinn tjaldsvæðisins fellur einkar vel að annarri starfsemi Farfugla og eru samlegðaráhrif mikil m.a. vegna reksturs Farfuglaheimilisins í Laugardal. Þar má nefna nýtingu starfsfólks og aðstöðu á Farfuglaheimili sem hefur gert kleift að halda tjaldsvæði opnu utan sumars og viðhalda háu þjónustustigi við gesti. Jafnvel þegar sárafáir gestir eru á tjaldsvæðinu þá hafa þeir tryggt aðgengi m.a. að eldunaraðstöðu, sturtum, salernum, kaffisölu, þvottavélum, upplýsinga og- bókunarþjónustu og sóláhringsvakt.

Farfuglar hafa öflugar stoðdeildir til stuðnings við rekstur tjaldsvæðisins meðal annars mannauðsstjóra, vefstjóra, umhverfis- og gæðastjóra og sölu- og bókunardeild

Farfuglar eru með virka jafnréttisstefnu og sjálfbærnistefnu og nýtur starfsemi tjaldsvæðisins, gestir og starfsfólk þess. Tjaldsvæðið er starfrækt samkvæmt kröfum Svansins eins og aðrar rekstrareiningar Farfugla, en því miður er ekki í boði vottun fyrir tjaldsvæði á vegum Svansins.

Eins og komið hefur fram var í fyrsta skipti síðasta vetur opnað á húsbílasvæðið yfir veturinn vegna eftirspurnar frá ferðamönnum. Óvænt, þá reyndist aðsókn Íslendinga sem voru að leita sér að búsetuúrræði mikil. Aðstæður þeirra voru misjafnar, ýmsir sögðust eiga í fá hús að venda en aðrir höfðu leigt sitt elgið húsnæði út til annarra. Ýmist var fólk eitt í bíl/hýsi eða fleiri. Mikið álag var á starfsfólk og innviði, lögreglan var tíður gestur og starfsfólk lenti í erfiðum málum, rifrildum og í einhverjum tilfellum hótunum. Vegna álags á innviði fór það svo að neyta þurfti ferðamönnum um gistingu á húsbílastæðinu.

Sé þess óskað, eru Farfuglar eru tilbúnir til viðræðna um samstarf um leigu fyrir fólk sem borgina vantar búsetuúrræði fyrir næsta vetur. Skoða þyrfti vandlega forsendur og framkvæmd og hvernig það það gæti farið saman með þjónustu við ferðamenn.

Minnisblað

9. ágúst 2018

Til: Ómars Einarssonar sviðsstjóra ÍTR

Frá: Þorsteini Jóhannessyni, framkvæmdastjóra Farfugla ses og Sigríði Ólafsdóttur rekstrarstjóra Farfugla ses.

Efni: Ósk um samstarf við úrbætur eldvarnarmála á Tjaldsvæðinu í Laugardal

Þann 28. júní sl barst Farfuglum áskorun um úrbætur frá Slökkviliðinu (Sjá fylgiskjal 18-4387 – dagsett 27.6.).

Tafarlaus viðbrögð við athugasemdum í skýrslu Slökkviliðsins voru þessi helst:

- Farið var yfir öryggismál með starfsfólki Tjaldsvæðisins, þar með talin meðferð öryggisbúnaðar.
- Leiðbeiningum um nauðsynlega fjarlægð á milli húsbíla eru kynntar og þeim dreift á viðeigandi stöðum; í gestamóttöku og við inngang inn á húsbílasvæðið til gesta. Notast var við skýringar úr riti Mannvirkjastofnunar sem Slökkviliðið vísar í. Þar kemur einnig fram að bílar mega standa á milli húsbíla.
- Opnað er fyrir nýtt sérsvæði fyrir minni bíla; campera og þá sem ekki þurfa rafmagn til að dreifa álagi.
- Starfsfólk kynnir gagnert þessar reglur öllum gestum.
- Aukið er reglulegt eftirlit starfsfólks um útisvæðið, reynt að leiðbeina enn betur umferð; gera athugasemdir og fá gesti til að færa ökutæki og ferðavagna. ef lagt er þröngt.
- Umsjónarmaður viðhalds fasteigna hjá Farfuglum sendir Einari Haraldssyni fasteignastjóra hjá UST erindi Slökkviliðsins og fyrirspurn um reykskynjara og brunakerfi í eldra þjónustuhúsi. Einar sendir erindið áfram innan borgarinnar þegar hann kemur úr sumarfríi 9.7. Málið þarf að taka upp því ekki hefur heyrt frá viðkomandi.

Vandkvæði:

- Komið var fram á sumar og mikil ásókn á svæðið allan sólarhringinn. Erfitt að vinna að langtímalausn sem fól í sér lokun á svæðinu.
- Gistitæki eru af ýmsum stærðum og gerðum þannig að hugsa þarf hvernig lausn er best við að reita jafnstór svæði.
- Svæðið hefur verið opið allan sólarhringinn. Algengt er að seint á kvöldin/nóttinni bætist við gestir á svæðið, sem að koma sér fyrir á milli gisteininga þar sem nægilegt bil hefur verið útbúið. Við slíku hefur reynt erfitt að bregðast á þeim tíma sólarhringsins.

Þann 7. ágúst sl sendir Slökkviliðið skýrslu og kröfu um úrbætur (Sjá fylgiskjal 18-4387 – dagsett 3.8.2018) eftir heimsókn sína 3.8; á föstudegi fyrir Verslunarmannahelgi. Einnig hringir Slökkviliðið í framkvæmdastjóra Farfugla og greinir honum frá málinu.

Tafarlaus viðbrögð (7-9 ágúst) við kröfum í skýrslu Slökkviliðsins:

- Eftirlit á útisvæði verður enn aukið seinni part dags og fram að miðnætti.
- Stærri skilti með sömu leiðbeiningum eru útbúnar fyrir gesti og stillt upp við innganga og í móttöku.
- Húsbílasvæðinu verður nú lokað með keðju eftir að fullt er orðið á kvöldin. Þeir sem þurfa að yfirgefa svæðið færa hana eða fá aðstoð frá starfsmanni.. Enginn keyrir inn á svæðið nema með samþykki starfsmanns.
- Núverandi neyðaráætlun Tjaldsvæðisins er yfirfarin í samráði við Slökkviliðið og æfð með öllu starfsfólki.
- Haft samband við Slökkviliðið þar sem upplýst er um aðgerðir og óskað eftir samstarfi við lausnir til lengri tíma.
- Umsjónarmaður fasteigna hjá Farfuglum fylgir eftir beiðni til borgarinnar um brunakerfi í eldra þjónustuhúsi.
- Merkingar eru yfirfarnar og notuðu slökkvitæki skipt út fyrir nýtt.
- Minnisblað þetta sent á borgina með ósk um samstarf um langtímalausnir í þessum málum.

Með gríðarlegri fjölgun húsbíla í umferð síðustu ár hefur eftirspurn á tjaldsvæðinu breyst mikið og kallar það á breytt skipu- og verklag. Vaxandi hluti gesta sækist nú eftir stæði fyrir bíl eða hjólhýsi á meðan að eftirspurn eftir stæði fyrir tjald dregst saman.

Í sumar hafa komið dagar sem mjög hefur reynt á svæðið og öruggt er að ekki hafa verið virtar ráðleggingar Mannvirkjastofnunar um æskilega fjarlægð milli ferðavagna. Tvær meginástæður eru fyrir þessu: Starfsfólk Farfugla var ekki undirbúið fyrir þessa miklu umferð í sumar og erfitt hefur reynst að fylgja nægilega vel eftir tilmælum til gesta sem streyma inn á svæðið. Þá er ljóst að svæði undir húsbíla er of lítið miðað við eftirspurn auk þess sem reitun og skipulag í kringum það vantar.

Óskað er eftir samstarfi við borgina við að finna langtímalausn á skipulagi húsbílastæða í Laugardal. Farfuglar leggja til fund á næstu vikum til þess að fara yfir núverandi skipulag bílastæða í Laugardal og ræða mögulegar breytingar fyrir næsta sumar.

Til allra sveitastjóra og bæjarstjóra

Reykjavík, 27. ágúst 2018

Tilvísun ÞÍ: 2018082130/6.6.3

Efni: Tilkynning um fasteignamat 2019

Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands skal kynna sveitarfélögum og eigendum fasteigna niðurstöður endurmatsins og tekur nýtt fasteignamat gildi næsta 31. desember, sbr. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat skal endurspeгла gangverð miðað við síðastliðinn febrúarmánuð.

Árið 2009 var tekin upp ný og endurbætt aðferðarfræði, markaðsmat, fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Þá var 2014 tekin upp aðferðarfræði tekjumats upp fyrir tilteknar atvinnueignir, sem eru skrifstofueignir, verslunareignir og eignir fyrir léttan iðnað. Í endurmatinu 2017 var svo tekin upp aðferðarfræði markaðsmats fyrir sumarhúsaeignir þar sem skýrlega hafði komið í ljós að áhrif staðsetningar og tiltekinna þjónustupátta hafi áhrif á gangverð fasteigna.

Meðfylgjandi er listi þar sem fram kemur heildarfjárhæð gildandi fasteignamats og þar af landmats 2018 og heildarfjárhæð nýja matsins sem og landsmats 2019 miðað við stöðuna 31. maí sl. ásamt hlutfallsbreytingu milli ára. Auk þess sendist hér með fréttatilkynning frá 1. júní sl.

Frekari gögn og upplýsingar um fasteignamat 2019 er að finna á vef stofnunarinnar: <https://www.skra.is/fyrirtaeki/fasteignir/fasteignamat/> Jafnframt er bent á að matstölur 2019 birtast nú í álagningarkerfi sveitarfélaga sem gerir sveitarfélögum kleift að hefja undirbúning að fjárhagsáætlun 2019.

Að lokum er tekið fram að ítarleg skýrsla um fasteignamat 2019 með umfjöllun um niðurstöður, aðferðarfræði og matsforsendur verður gefin út í september nk. og er sveitarfélögum bent á að frá þeim tíma verður unnt að nálgast skýrsluna á vef stofnunarinnar.

E.h. Þjóðskrár Íslands



Margrét Hauksdóttir
forstjóri

Fréttatilkynning 1. júní 2018

Fasteignamat hækkar um 12,8%

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 12,8% frá yfirstandandi ári og verður 8.364 milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2019 sem Þjóðskrá Íslands birti í dag. Fasteignamatið **hækkar** á 99,2% eigna en **lækkar** á 0,8% eigna frá fyrra ári. Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Nýja fasteignamatið miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2018. Það tekur gildi 31. desember 2018 og gildir fyrir árið 2019. Frestur til að gera athugasemdir við nýtt fasteignamat er til 30. desember 2018.

Mest hækkun á Reykjanesi

Samanlagt mat **íbúða** (133.071) á öllu landinu hækkar um 12,7% frá árinu 2017 og verður alls 5.727 milljarðar króna. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar matsverð íbúða í sérbýli meira en íbúðir í fjölbýli en á landsbyggðinni er þessu öfugt farið.

Fasteignamat hækkar mest á Reykjanesi en þar hækkar íbúðamatið um 41,1% í Reykjanesbæ, um 37,9% í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs og um 32,9% í Vogum.

Fasteignamat **atvinnuhúsnaðis** hækkar um 15% á landinu öllu; um 17,2% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,9% á landsbyggðinni.

Hækkun fasteignamats	Sérbýli	Fjölbýli	Atvinnuhúsnaði
Landið allt	14,8%	10,4%	15,0%
Höfuðborgarsvæðið	12,5%	8,5%	17,2%
Utan höfuðborgarsvæðisins	19,9%	26,2%	9,9%

Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 11,6%, um 28,3% á Suðurnesjum, um 14,3% á Vesturlandi, 12,1% á Vestfjörðum, 11 % á Norðurlandi vestra, 15% á Norðurlandi eystra, 9,5% á Austurlandi og um 13,7% á Suðurlandi.

Fasteignamat hækkar mest í Reykjanesbæ eða um 34,2%, um 25,5% í Vogum, um 21,1% í Hveragerði og 20,2% á Akranesi.

Mest hækkun íbúðarhúsnaðis í kringum höfuðborgarsvæðið

Meðalhækkun á mati **íbúðarhúsnaðis** á höfuðborgarsvæðinu er 10,3% og hækka flest svæði innan þess um 8-12%. Mun meiri hækkun má sjá í nágrannasveitarfélögum, þannig hækkar matssvæðið á Ásbrú um 98%, Sandgerði um 39%, Garður um 37%, Reykjanes dreifbýli um 35%, Hafnir um 35%, Keflavík og Njarðvík um 34%, Vogar um 33%, Hveragerði um 24% og Akranes og Selfoss um 22%.

Vægar hækkanir á sumarhúsum

Fasteignamat sumarhúsa fyrir árið 2019 hækkar um 9,8% og byggir það mat á sömu aðferðarfræði og fasteignamatið fyrir árið 2018 gerði. Fyrir fasteignamatið 2018 kynnti Þjóðskrá Íslands nýja aðferðarfræði við mat á sumarbústöðum sem leiðrétti skekkju sem hafði myndast með eldri aðferðarfræði. Sú breyting var liður í endurskoðun á öllum matsaðferðum Þjóðskrár Íslands og miðaði að því að matið endurspegli betur markaðsverð fasteigna.

Heildarhækkun fasteignamats sumarhúsa var 38,7% í fyrra en margar eignir hækkuðu meira. Við matið í ár var áfram unnið út frá nýrri aðferðarfræði en gerðar hafa verið nokkrar endurbætur í samræmi við athugasemdir sem bárust stofnuninni. Til dæmis hafa matssvæði verið endurskoðuð og nú vegur fjarlægð í sundlaug inn í matið og búið er að safna meira af gögnum um legu sumarbústaða sem hefur áhrif til lækkunar á lóðarmat þar sem vegasamgöngur eru í ólagi.

Upplýsingar um verð á markaði

Þjóðskrá Íslands hefur um árabíl haldið úti verðsjá þar sem hægt er að skoða gangverð fasteigna. Sú verðsjá var uppfærð árið 2017 og inniheldur upplýsingar um bæði kaup- og leiguverð fyrir íbúðarhúsnæði svo og kaupverð sumarhúsa. Verðsjána má finna á heimasíðu Þjóðskrár Íslands eða beint á verdsja.skra.is.

Hægt er að greina landið niður eftir landshlutum eða matssvæðum Þjóðskrár Íslands en það eru þau svæði sem fasteignamatið skiptist eftir. Þannig má með einföldum hætti sjá hvernig verðþróun hefur verið á ákveðnu svæði útfrá fyrirbyggjandi kaup- eða leigusamningum.

Matsforsendur alltaf aðgengilegar

Langflestar fasteignir eru endurmetnar út frá matsforsendum sem endurskoðaðar eru árlega og byggja eins og fyrr segir meðal annars á þinglýstum kaupsamningum. Þetta á við um íbúðarhúsnæði og sumarhús en atvinnuhúsnæði er metið tekjumati.

Á heimasíðu Þjóðskrár Íslands www.skra.is má finna upplýsingar um fasteignamat allra eigna, bæði gildandi og nýja matið sem Þjóðskrá Íslands kynnti í dag. Með því að smella á fasteignamatið er hægt að nálgast matsforsendur fyrir tiltekna eign. Matsforsendurnar stýra fasteignamati. Séu matsforsendur ekki réttar má hafa samband og gera athugasemd við það.

Nánari upplýsingar um fasteignamat 2019

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um fasteignamat 2019 á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þar má finna samantekt á matsbreytingu eftir sveitarfélögum, kort yfir matssvæði mismunandi matsaðferða, matsformúlum sem gilda fyrir árið 2019 ásamt fleiri gögnum. Upplýsingum um fasteignamatið verður miðlað með sama hætti og undanfarin ár. Eigendur fasteigna geta frá 15. júní nálgast tilkynningarseðil um mat á eignum sínum í pósthólf sitt á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Til þess þarf rafræn skilríki eða Íslykil sem auðvelt er að sækja um sé hann ekki tiltækur. Einnig er hægt að nálgast fasteignamatið á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, www.skra.is. Tilkynning um fasteignamatið 2018 er því rafræn eins og hún hefur verið undanfarin sjö ár. Hins vegar geta eigendur haft samband við Þjóðskrá Íslands og óskað eftir að fá tilkynninguna senda til sín.

Þjóðskrá Íslands Endurmat 31.05.2018	Fasteignamat	Landmat	Fasteignamat	Landmat	Breytingar á mati	
	2018	2018	2019	2019	fm%	lm%
0000 Reykjavík	3.204.922.354	553.656.287	3.570.058.264	630.441.287	11,4%	13,9%
1000 Kópavogur	790.491.272	128.680.555	877.191.162	145.007.616	11,0%	12,7%
1100 Seltjarnarnes	114.520.343	24.553.587	126.660.701	27.147.174	10,6%	10,6%
1300 Garðabær	395.406.002	75.945.318	440.820.694	85.134.584	11,5%	12,1%
1400 Hafnarfjörður	572.591.249	101.733.873	651.654.163	116.453.719	13,8%	14,5%
1604 Mosfellsbær	220.147.440	45.103.714	247.097.466	50.718.701	12,2%	12,4%
1606 Kjósarhreppur	14.128.070	2.948.411	15.693.855	3.238.846	11,1%	9,9%
2000 Reykjanesbær	226.724.741	39.278.250	304.200.244	49.687.720	34,2%	26,5%
2300 Grindavík	48.967.273	8.889.005	55.153.046	9.827.453	12,6%	10,6%
2503 Sandgerði	46.402.500	7.049.556	53.926.652	8.200.266	16,2%	16,3%
2504 Garður	16.206.304	3.395.155	21.159.396	4.303.336	30,6%	26,7%
2506 Vogar	15.622.410	3.269.109	19.613.557	3.914.455	25,5%	19,7%
3000 Akranes	98.523.071	14.214.230	118.378.862	16.781.696	20,2%	18,1%
3506 Skorradalshreppur	13.270.765	2.978.294	14.846.616	3.387.626	11,9%	13,7%
3511 Hvalfjarðarsveit	40.936.577	8.240.663	44.704.783	8.961.636	9,2%	8,7%
3609 Borgarbyggð	80.393.637	14.093.642	89.773.828	15.376.890	11,7%	9,1%
3709 Grundarfjarðarbær	10.975.752	1.698.683	12.420.095	1.902.833	13,2%	12,0%
3710 Helgafellssveit	1.346.242	319.477	1.476.738	344.926	9,7%	8,0%
3711 Stykkishólmur	17.451.540	2.552.497	20.183.627	2.929.140	15,7%	14,8%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	2.552.553	358.550	2.802.057	384.700	9,8%	7,3%
3714 Snæfellsbær	20.463.957	3.024.848	22.446.316	3.306.446	9,7%	9,3%
3811 Dalabyggð	9.921.036	1.174.991	11.084.819	1.286.871	11,7%	9,5%
4100 Bolungarvík	6.783.202	703.079	7.389.494	754.945	8,9%	7,4%
4200 Ísafjarðarbær	33.739.033	3.879.178	38.031.364	4.282.916	12,7%	10,4%
4502 Reykhólahreppur	3.407.390	474.268	3.739.164	506.899	9,7%	6,9%
4604 Tálknafjarðarhreppur	1.849.674	182.226	2.182.105	207.665	18,0%	14,0%
4607 Vesturbyggð	8.238.276	804.822	9.357.721	889.304	13,6%	10,5%
4803 Súðavíkurhreppur	2.608.807	285.539	2.817.566	304.710	8,0%	6,7%
4901 Árneshreppur	731.706	61.267	804.107	66.173	9,9%	8,0%
4902 Kaldrananeshreppur	1.041.551	128.894	1.166.642	140.362	12,0%	8,9%
4911 Strandabyggð	4.528.723	486.913	5.057.758	529.972	11,7%	8,8%
5200 Skagafjörður	57.001.304	6.069.644	63.780.382	6.710.290	11,9%	10,6%
5508 Húnaþing vestra	15.348.514	1.441.151	17.081.109	1.589.635	11,3%	10,3%
5604 Blönduós	9.802.470	1.053.336	10.730.792	1.142.274	9,5%	8,4%
5609 Skagatrönd	3.721.516	388.774	4.104.483	422.993	10,3%	8,8%
5611 Skagabyggð	1.135.735	69.485	1.237.513	74.882	9,0%	7,8%
5612 Húnavatnshreppur	12.767.083	474.986	13.787.975	503.450	8,0%	6,0%
5706 Akrahreppur	2.453.238	190.017	2.749.682	208.526	12,1%	9,7%
6000 Akureyri	315.081.203	43.323.500	364.536.356	49.695.990	15,7%	14,7%
6100 Norðurþing	38.365.890	4.863.688	45.919.810	5.740.661	19,7%	18,0%
6250 Fjallabyggð	21.584.943	2.391.317	24.732.373	2.680.682	14,6%	12,1%
6400 Dalvíkurbyggð	21.718.246	2.556.271	24.379.953	2.829.513	12,3%	10,7%
6513 Eyjafjarðarsveit	16.504.318	2.103.841	18.342.664	2.311.540	11,1%	9,9%
6515 Hörgársveit	9.471.727	1.113.062	10.411.977	1.203.619	9,9%	8,1%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	8.384.965	1.413.224	9.277.275	1.555.006	10,6%	10,0%
6602 Grýtubakkahreppur	4.821.593	504.701	5.301.901	543.093	10,0%	7,6%
6607 Skútustaðahreppur	9.440.025	2.127.042	10.509.558	2.331.489	11,3%	9,6%
6611 Tjörneshreppur	639.597	53.660	733.835	60.309	14,7%	12,4%
6612 Þingeyjarsveit	20.426.019	2.573.079	22.585.039	2.798.497	10,6%	8,8%
6706 Svalbarðshreppur	825.732	47.589	902.582	51.208	9,3%	7,6%
6709 Langanesbyggð	4.231.193	421.183	4.623.377	455.432	9,3%	8,1%

Þjóðskrá Íslands	Fasteignamat	Landmat	Fasteignamat	Landmat	Breytingar á mati	
Endurmat 31.05.2018	2018	2018	2019	2019	fm%	lm%
7000 Seyðisfjórður	7.165.356	830.223	7.900.745	905.327	10,3%	9,0%
7300 Fjarðabyggð	140.394.056	6.268.706	152.617.600	6.953.819	8,7%	10,9%
7502 Vopnafjarðarhreppur	7.340.283	751.032	8.174.631	827.423	11,4%	10,2%
7505 Fljótsdalshreppur	8.799.237	329.935	9.446.303	354.884	7,4%	7,6%
7509 Borgarfjarðarhreppur	1.281.560	113.710	1.452.426	125.801	13,3%	10,6%
7613 Breiðdalshreppur	1.926.532	187.148	2.122.699	202.926	10,2%	8,4%
7617 Djúpavogshreppur	4.217.438	428.990	4.690.004	469.580	11,2%	9,5%
7620 Fljótsdalshérað	50.955.620	6.945.801	57.032.780	7.694.721	11,9%	10,8%
7708 Hornafjórður	29.375.896	4.441.287	32.012.613	4.819.311	9,0%	8,5%
8000 Vestmannaeyjar	57.106.980	8.036.642	60.822.612	8.459.539	6,5%	5,3%
8200 Sveitarfélagið Árborg	134.120.830	23.046.647	159.834.865	26.895.300	19,2%	16,7%
8508 Mýrdalshreppur	8.593.766	1.034.330	9.794.123	1.170.234	14,0%	13,1%
8509 Skaftárhreppur	10.803.869	2.782.450	12.207.111	3.046.971	13,0%	9,5%
8610 Ásahreppur	18.663.608	2.593.700	20.163.821	2.815.638	8,0%	8,6%
8613 Rangárþing eystra	30.739.830	4.309.230	34.590.417	4.813.594	12,5%	11,7%
8614 Rangárþing ytra	33.174.360	6.867.104	37.330.618	7.645.839	12,5%	11,3%
8710 Hrunamannahreppur	20.827.059	3.530.461	23.269.667	3.925.572	11,7%	11,2%
8716 Hveragerði	37.055.249	6.246.808	44.876.375	7.385.717	21,1%	18,2%
8717 Ölfus	39.870.673	8.158.863	44.948.703	9.049.150	12,7%	10,9%
8719 Grímsnes-og Grafningshreppur	81.271.377	15.831.343	90.340.394	17.636.774	11,2%	11,4%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	23.263.732	2.875.549	25.855.305	3.204.770	11,1%	11,4%
8721 Bláskógabyggð	57.597.920	11.159.711	64.803.086	12.612.196	12,5%	13,0%
8722 Flóahreppur	10.892.018	1.546.173	12.496.866	1.732.824	14,7%	12,1%
SAMTALS	7.414.056.010	1.241.660.274	8.364.405.262	1.412.077.866	12,8%	13,7%
<i>Upphæðir í þúsundum króna</i>						

Málsnr.: R18090013

Skjalasafn Ráðhúss

03. sep. 2018

Bréfalykill:



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Solvhólsgotu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mnrn.is · menntamalaraduncyti.is

Reykjavík 22. ágúst 2018

Tilv.: MMR18010340/2.3.11


Ágæti viðtakandi

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra, sem skipaður var í kjölfar #églika (#metoo) yfirlýsinga íþróttakvenna, hefur skilað ráðherra tillögum um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Öryggi iðkenda og annarra þátttakenda var sett í öndvegi við alla vinnu hópsins. Starfshópurinn taldi mikilvægt að tillögur hans næðu einnig til æskulýðsstarfs utan skóla, m.a. að teknu tilliti til ábyrgðarsviðs ráðuneytisins og samlegðaráhrifa þessarar starfsemi. Að mati starfshópsins er brýnt að það verði vitundarvakning um málefni sem tengjast kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun og þannig verði knúin fram viðhorfsbreyting um að ofbeldishegðun sé ekki liðin og allir njóti verndar í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Að mati starfshópsins er mikilvægt að íþróttahreyfingin, æskulýðsfélögin, sveitarfélög og stjórnvöld verði samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Meðal tillagna hópsins eru:

- Að skýrir og samhæfðir verkferlar og viðbragðsáætlanir séu til staðar hjá félögum og samtökum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- Að fræðsluefni um kynferðislegt ofbeldi og óæskilega hegðun sé samræmt og að allir sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi grunnþekkingu á því hvernig bregðast eigi við þegar upp koma mál sem tengjast áreitni eða ofbeldi.
- Að unnið sé markvisst í jafnréttismálum á vegum íþróttahreyfingarinnar. Aukið jafnrétti getur haft jákvæð áhrif á ýmsa þætti í íþróttastarfi og þar með dregið úr áreitni og ofbeldishegðun.
- Hópurinn telur mikilvægt að til staðar sé óháður aðili sem getur tekið við símtölum, tilkynningum eða öðrum samskiptum um ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og komið þeim í réttan farveg. Slíkur ráðgjafi gæti einnig leiðbeint við gerð siðareglna og viðbragðsáætlana og sinnt upplýsingagjöf og fræðslu um málaflokkinn.
- Mikilvægt er að íþróttahreyfingin setji sér siðareglur og hegðunarviðmið, kanni bakgrunn þeirra sem koma að íþróttastarfi og kynni fyrir þeim þær reglur sem gilda í starfinu. Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða fá til starfa sem sjálfboðaliða er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna iðkenda.
- Að ríki og sveitarfélög sem styðja íþrótt- og æskulýðsstarf með aðstöðu og fjárframlögum setji skilyrði í alla samninga við íþrótt- og æskulýðshreyfinguna um að félögin séu með viðbragðsáætlun á þessu sviði og stuðli þannig að aukinni þekkingu, meðvitund og réttum viðbrögðum þegar áreitni eða ofbeldismál koma upp.
- Að setja ákvæði í íþróttalög að óheimilt sé að ráða fólk sem dæmt hefur verið fyrir

ofbeldisbrot, kynferðisbrot. Mikilvægt er að einfalda verkferla fyrir íþrótt- og æskulýðshreyfinguna til þess að afla slíkra upplýsinga frá opinberum aðilum.

Tillögur þessar snerta ýmsa aðila er koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi, s.s. íþróttahreyfinguna, æskulýðsfélög, sveitarfélög og stjórnvöld. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þessir aðilar séu samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Af því tilefni óskar ráðuneytið eftir samstarfi við hlutaðeigandi aðila við að koma tillögum hópsins til framkvæmdar.



Lilja D. Alfreðsdóttir

Ásta Magnúsdóttir

Fylgiskj. 1. Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Aðgerðir gegn kynferðislegri
áreitni og ofbeldis hegðun í íþrótt-
og æskulýðsstarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
2018

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Aðgerðir gegn
kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og
æskulýðsstarfi**

Júní 2018

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögðu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-menningarmalaraduneytid

Umbrot og
textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

© 2018 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Efnisflokkar.....	5
2.1 Almenn áhersluatriði í íþróttastarfi.....	5
2.2 Fræðsla og fræðsluefni	6
2.3 Verkferlar	7
2.4 Samningar.....	8
2.5 Lagabreytingar.....	8
3 Tillögur.....	8
3.1 Almennar tillögur	8
3.2 Tillögur sem lúta að íþróttahreyfingunni.....	8
3.3 Tillögur sem lúta að ráðuneytinu.....	9
3.4 Tillögur sem lúta að sveitarfélögum	10

1 Inngangur

Í kjölfar #metoo (#ég líka) yfirlýsinga íþróttakvenna í byrjun janúar 2018 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp þann 19. mars 2018 til þess að gera tillögur um viðbrögð og frekari aðgerðir. Starfshópnum var ætlað að skoða verkferla sem eru við lýði í íþróttastarfi og gera tillögur til úrbóta þar sem þess er þörf. Í umræðum starfshópsins kom fram að mikilvægt væri að víkka tillögugerðina út þannig að helstu tillögur starfshópsins ættu einnig við um æskulýðsstarf utan skóla, sérstaklega þegar horft er til ábyrgðarsviðs ráðuneytisins og samlegðaráhrifa þessarar starfsemi. Starfshópurinn telur einnig að í sumum tilfellum mætti skoða betur hvernig vinnubrögð geti átt við bæði í starfi utan skóla og í skólastarfi, en ekki eru gerðar sérstakar tillögur um það af hálfu starfshópsins nema að því leyti að gera tillögu um aðgengi íþrótt- og æskulýðsfélaga að fagráði eineltismála hjá Menntamálastofnun. Einnig er ljóst að samræma þarf lagasetningu vegna ráðninga fyrir öll málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hópurinn styður einnig tillögur um aðgerðir sem unnar hafa verið í tengslum við samstarfsyfirlýsingu nokkurra ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sjá.

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettir2016/Samstarfsyfirlysing-gegn-ofbeldi.pdf>

Í starfshópnum voru:

Óskar Þór Ármannsson formaður, mennta- og menningarmálaráðuneyti,
Elísabet Pétursdóttir, Guðni Olgeirsson, Jóna Pálsdóttir og Valgerður
Þórunn Bjarnadóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti,
Ása Ólafsdóttir, tilnefnd af ÍSÍ,
Auður Inga Þorsteinsdóttir, tilnefnd af UMFÍ,
Hafdís Inga Hinriksdóttir, tilnefnd af hópi íþróttakvenna,
Heiðrún Janusardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frásagnir íþróttakvenna báru með sér margs konar tilvik, allt frá atvikum sem lúta að mismunun kynja til alvarlegs ofbeldis sem einstaklingar hafa verið beittir. Ljóst var af öllum þessum frásögnum að skoða þyrfti mjög breitt svið til að ná utan um málið. Starfshópurinn fór yfir lagaramma sem snýr að grunnskólum og ákvæðum sem lúta að áreitni og ofbeldi í lögunum. Einnig var farið yfir ákvæði æskulýðslaga og hvernig ákvæði um starfsskilyrði og um öflun upplýsinga úr sakaskrá eru útfærð. Lög og reglugerðir íþróttahreyfingarinnar voru skoðuð og einnig var farið yfir fræðsluefni sem notað er í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Starfsaðferðir nokkurra sveitarfélaga á þessu sviði voru kynntar og hvernig sveitarfélög hafa brugðist við á undanförunum mánuðum hjá þeim íþróttafélögum sem eru í viðkomandi sveitarfélögum. Farið var yfir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með Umboðsmanni barna og rætt sérstaklega hvernig þessi mál snúa að börnum undir 18 ára aldri sem taka þátt í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Óskað var eftir ábendingum og tillögum frá almenningi á samráðsgátt stjórnarráðsins. Ýmsar tillögur bárust sem starfshópurinn skoðaði og tók mið af við

tillögugerðina. Í vinnu starfshópsins kom í ljós að til þess að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með þyrftu tillögur hans að vera víðtækari og ná yfir fleiri þætti en fram komu í skipunarbréfi eins og rakið var í inngangi. Þannig er t.d. í tillögum starfshópsins fjallað um eineltismál og jafnréttismál. Með þessum tillögum setur starfshópurinn öryggi iðkenda og annarra þátttakenda í starfinu í öndvegi.

Starfshópurinn var upplýstur um starf stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur er varða kynferðislegt ofbeldi. Á verksviði hans verður að kanna leiðir til að bæta stöðu brotþola við rannsókn og opinbera meðferð ofbeldisbrota. Starfshópurinn gerir því ekki tillögur þar að lútandi, en styður heilshugar allar tillögur til umbóta á þeim vettvangi.

Starfshópurinn telur að samræma þurfi starf mismunandi aðila í íþróttastarfi betur þannig að fræðsla með áherslu á forvarnir sé markvissari og nýtist á vettvangi og sé við hæfi þeirra sem hún beinist að og nýtist þeim, óháð aldri eða þroska. Einnig telur starfshópurinn að verkferlar sem notaðir eru til þess að bregðast við málum verði samræmdir betur og nýir gerðir þar sem þarf. Mikilvægt er að mati starfshópsins að styrkja öryggi allra iðkenda sem og þeirra sem starfa að íþróttum og æskulýðsmálum í landinu með lagasetningu, bæði fyrir launaða starfsmenn og sjálfbóðaliða. Slíkt mun að mati starfshópsins setja málefni sem tengjast kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun með skýrum og samræmdum hætti á dagskrá og jafnframt knýja á um breytingar í samfélaginu um að ofbeldishegðun líðist ekki og allir njóti verndar í skipulögðu starfi íþróttastarfi og æskulýðshreyfingarinnar.

Starfshópurinn hefur gert tillögur um aðgerðir sem eiga að beinast að íþróttahreyfingunni sjálfri, æskulýðsfélögum og þeim sem standa fyrir skipulögðu íþróttastarfi fyrir börn en einnig aðgerðir sem beinast að stjórnvöldum og sveitarfélögum. Þá eru einnig settar fram nokkrar almennar tillögur um samstarf allra framangreindra aðila. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þessir aðilar myndi ákveðna samfellu þegar kemur að því að taka á öllum birtingarmyndum áreitni, ofbeldis, eineltis eða öðrum misgjörðum í skipulögðu starfi þannig að þeir sem eru þátttakendur í íþróttastarfi og æskulýðsstarfi geti gengið út frá því að starfsumhverfi sé öruggt og að mál sem upp koma séu sett í ákveðinn farveg og fái viðeigandi afgreiðslu.

2 Efnisflokkar

Tillögur eru um eftirfarandi efnisflokka:

2.1 Almenn áhersluatriði í íþróttastarfi

Starfsemi íþróttafélaga er mjög umfangsmikil á landsvísu og stærð og umfang einstakra félaga spannar allt frá nokkrum tugum iðkenda með engu barna- og unglingastarfi til nokkurra þúsunda í hverju félagi með iðkendum á öllum aldri. Því

geta aðstæður félaga og möguleikar þeirra verið mismunandi. Það á einnig við um íþróttahéruð og sérsambönd. Verkferlar og virkar viðbragðsáætlanir kunna að vera til staðar hjá sumum en dæmi eru um að ekkert efni sé til hjá öðrum. Einnig er mikilvægt að nefna að oft eru til reglur en úrvinnslu mála er ábótavant eða óskýr. Allir eru þó sammála um að ofbeldi af öllu tagi eigi ekki að líða. Liður í tillögum starfshópsins er að bregðast við þessum veruleika.

Vegna margvíslegra athugasemda íþróttakvenna um mismunun af einhverju tagi en ekki beint tengt ofbeldishegðun, telur starfshópurinn mikilvægt að setja fram tillögur um jafnréttismál. Jafnréttismál hafa á undanförunum árum verið í umræðunni í íþróttahreyfingunni og hefur hún snúist mikið um aðstöðumun á milli kynja í skipulögðu íþróttastarfi. Bent hefur verið á mismunun hvað varðar þá tíma sem kynin fá í íþróttamannvirkjum. Meistaraflokkar kvenna í mörgum greinum fá ekki sérstakan klefa í mannvirkjum, verðlaunagripir eru ekki sambærilegir, búningamál eru mismunandi og greiðslur til leikmanna eru lægri til kvenna og greiðslur til karlþjálfara eða þjálfara karlaflokka eru í mörgum tilfellum hærri. Einnig hefur íþróttaumfjöllun fjölmiðla oft verið skoðuð og hallar þar verulega á konur. Þá hefur verið bent á að það halli á konur í stjórnun íþróttahreyfingarinnar. Starfshópurinn telur mikilvægt að bregðast við þessum athugasemdum og vinna markvisst í jafnréttismálum á vegum íþróttahreyfingarinnar. Ein leið til þess er að auka þekkingu á þessu sviði, m.a. með frekari rannsóknum. Viðhorf hafa breyst á undanförunum árum til hins betra en eigi að síður telur starfshópurinn mjög mikilvægt að jafnréttismálin komist með heildstæðari hætti á dagskrá íþróttahreyfingarinnar. Einnig hefur aukið jafnrétti jákvæð áhrif á ýmsa þætti í íþróttastarfi, eins og samskipti kynja, og dregur þannig að öllum líkindum smám saman úr áreitni og ofbeldishegðun.

Starfshópurinn telur mikilvægt að gera almenna tillögu um hvernig málum, sem tengjast eineltismálum, er fylgt eftir sbr. tillaga um sérlög um samskiptafulltrúa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf, auk viðbragða við ofbeldishegðun eða annars konar áreitni.

2.2 Fræðsla og fræðsluefni

Að mati starfshópsins liggur fyrir talsvert af mjög góðu fræðsluefni hjá íþróttahreyfingunni um kynferðislegt ofbeldi og óæskilega hegðun í starfi hreyfingarinnar. Starfshópurinn gerir tillögu um að ÍSÍ og UMFÍ samræmi hvaða efni sé notað og standi saman að samræmdum skilaboðum til aðildarfélaga. Einnig þurfa sveitarfélög að taka mið af því í samskiptum sínum við íþróttafélög, sérstaklega ef fræðslan er á vegum viðkomandi sveitarfélags. Einnig er lagt til í tillögu um sérlög um samskiptafulltrúa að hann hafi það hlutverk að koma á framfæri upplýsingum til þátttakenda í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Fram kom í vinnu starfshópsins að unnið sé að gerð frekara fræðsluefnis á vegum ÍSÍ og UMFÍ. Starfshópurinn telur að brýnt sé að halda áfram gerð kynningarefnis

í formi myndbanda eða stuttmynda fyrir iðkendur, þjálfara og aðra sem starfa í íþróttum bæði sem launaðir starfsmenn og sjálfboðaliðar. Tryggja þarf jafnframt að allir sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi grunnþekkingu á því hvernig bregðast eigi við þegar upp koma mál sem tengjast áreitni eða ofbeldi. Einnig þarf efnið að vera sniðið að þörfum og þekkingu mismunandi aldurshópa. Starfshópurinn telur mikilvægt að efnið sé sniðið að stafrænu samfélagi og fræðslu sé komið á framfæri með reglubundnum hætti, sérstaklega á þeim miðlum sem ungt fólk nýtir í daglegu lífi.

2.3 Verkferlar

Að framan hefur verið rakið að brýnt sé að koma á samhæfðum viðbrögðum í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Möguleikar félaga eru mismunandi vegna stærðar þeirra og tengsla á smærri stöðum. Því er gerð sérstök tillaga um sérlög um starf samskiptaráðgjafa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf sem getur aðstoðað félög til þess að koma sér upp virkum verkferlum og samræmdu vinnulagi. Auk þess ætti slíkur samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs að geta m.a. leiðbeint þeim sem verða fyrir brotum og telja að ekki sé brugðist við með réttum hætti. Þá er mikilvægt að íþróttahreyfingin setji sér siðareglur og hegðunarviðmið þar sem slík viðmið eru ekki til staðar. Einnig er mikilvægt að íþróttahreyfingin sé samtaka um að kanna bakgrunn þeirra sem koma að íþróttastarfi og kynni fyrir þeim siðareglur og önnur hegðunarviðmið sem gilda í starfinu. Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða fá til starfa sem sjálfboðaliða er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna iðkenda.

Meðal tillagna hópsins er að setja ákvæði í íþróttalög nr. 64/1998 um að óheimilt verði að ráða til starfa þá sem hlotið hafa refsíðoma fyrir brot sem falla undir kynferðisbrotakafra hegningarlaga. Mikilvægt er að einfalda verkferla fyrir íþrótt- og æskulýðshreyfinguna til þess að afla slíkra upplýsinga frá opinberum aðilum. Hafa skal hugfast að tillagan felur í sér lágmarkskröfur og ekkert sem kemur í veg fyrir að einstök félög fari strangar í sakirnar en ákvæðið kveður á um og ákveði t.d. að ráða ekki starfsmann eða þiggja vinnu sjálfboðaliða í ljósi þess að hann nýtur ekki trausts, t.d. vegna frásagna um að viðkomandi hafi gerst uppvís að óæskilegri hegðun. Benda má á að einnig sé þörf á að einfalda verkferla í öllu skólastarfi og starfi sem tengist starfsemi skóla, s.s. frístundaheimila. Starfshópurinn kynnti sér hvernig öflun þessara upplýsinga fer fram með rafrænum hætti í Noregi og Danmörku. Starfshópurinn leggur áherslu á að litið verði til þeirrar vinnu í framkvæmd hér á landi í vinnu stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.

2.4 Samningar

Starfshópurinn telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög sem styðja íþrótta- og æskulýðsstarf með aðstöðu og fjárframlögum setji skilyrði í alla samninga við íþrótta- og æskulýðshreyfinguna um að unnið sé að gerð viðbragðsáætlana og þannig reynt að tryggja að íþróttahreyfingin hafi grunnþekkingu á því hvernig beri að haga sér þegar áreitni eða ofbeldismál koma upp. Í samningum slíkra félaga við íþróttafólk, þjálfara og annað starfsfólk séu ákvæði sem vísa til ábyrgðar íþróttafélagsins á öruggu umhverfi.

2.5 Lagabreytingar

Starfshópurinn telur mikilvægt að til staðar sé óháður aðili sem geti tekið við símtölum, tilkynningum eða öðrum samskiptum um ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og komið þeim í réttan farveg. Einnig gæti slíkur aðili leiðbeint við gerð siðareglna og viðbragðsáætlana og sinnt upplýsingagjöf um málaflokkinn. Starfshópurinn leggur fram í fylgiskjali tillögu að sérstöku lagafrumvarpi um *samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf* þar sem fram koma hugmyndir starfshópsins um hvernig starfi og starfsumhverfi hans verði háttað.

Einnig leggur starfshópurinn til sérstaka lagabreytingu á íþróttalögum vegna ráðninga starfsfólks eða sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar en samsvarandi ákvæði er til staðar í æskulýðslögum, leik-, grunn- og framhaldsskólalögum og barnaverndarlögum. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í lögum ÍSÍ. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi fylgiskjals.

3 Tillögur

3.1 Almennar tillögur

1. Að unnið sé markvisst að jafnréttismálum. Aukið jafnrétti hefur áhrif á ríkjandi viðhorf í samfélaginu og skapar meira jafnvægi á milli kynja og á milli einstaklinga almennt.
2. Að fylgst sé vel með rannsóknum og þróun í málaflokknum, bæði hér á landi og erlendis.
3. Að styðja sérstaklega við þekkingarsköpun á þessu sviði.

3.2 Tillögur sem lúta að íþróttahreyfingunni

1. ÍSÍ og UMFÍ samræmi fræðsluefni sem lýtur að kynferðislegu áreiti og ofbeldishegðun og öðrum misgjörðum, svo forðast megi mismunandi skilaboð til sambandsaðila.
2. ÍSÍ og UMFÍ tryggi að til staðar séu siðareglur og viðbragðsáætlanir. Jafnframt verði unnið að samræmingu verkferla við úrvinnslu mála sem upp koma í starfi íþróttahreyfingarinnar. Tillaga er jafnframt um að



samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs aðstoði hreyfinguna og einstök félög við þá vinnu.

3. Að standa fyrir vitundarvakningu á samfélagsmiðlum um kynferðislega áreitni og ofbeldi, til þess að skapa umræðu og upplýsa um boðleiðir þegar atvik koma upp. Slíkt væri háð viðbótarfjárframlagi.
4. Unnið verði að gerð rafræns námsefnis, svo þeir sem komi að starfi innan hreyfingarinnar hafi kynnt sér hegðunar- og siðferðisviðmið áður en viðkomandi hefur aðkomu að starfsemi félags.
5. Í samningum íþróttafélaga við íþróttafólk og þjálfara og annað starfsfólk séu ákvæði sem vísi til ábyrgðar íþróttafélagsins á öruggu umhverfi.
6. Íþróttahreyfingin er hvött til þess að kanna meðmæli og óska eftir umsögn frá fyrri vinnuveitendum við ráðningar á nýju starfsfólki.

3.3 Tillögur sem lúta að ráðuneytinu

1. Sett verði sérlög um tímabundinn samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf. Drög að frumvarpi má sjá í fylgiskjali, liður 1. Mikilvægt er að samskiptaráðgjafinn sé staðsettur þar sem unnið er að sambærilegum málum.
2. Gerð verði lagabreyting á íþróttalögum um ráðningar starfsfólks og sjálfboðaliða þar sem krafist er upplýsinga úr sakaskrá, sbr. tillaga 4 (ráðningar, aðgerðaráætlanir, einelti). Einnig verði bætt við ákvæði í íþróttalög um einelti til samræmis við lög um grunn- og framhaldsskóla. Tillagan um einelti er mikilvæg og fer útfærsla slíkrar breytingar eftir því hvort aðgengi íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar verði tryggt að fagráði eineltismála eða fundin verði sambærileg lausn fyrir þá starfsemi.
3. Tryggja aðgengi að sakaskrá með rafrænum hætti í samræmi við tillögu ráðuneytisins um það mál en tilgangur þess er að auðvelda félagasamtökum og skólum að sækja upplýsingar úr sakaskrá um einstaklinga sem starfa með eða fyrir börn í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi, hvort sem það er í launuðu starfi eða sem sjálfboðaliði. Þetta verði gert í samræmi við starfsskilyrði sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum sem gilda um leik-, grunn- og framhaldsskóla og um æskulýðsstarf nr. 70/2007. Starfshópurinn telur þetta mjög brýnt mál í þeirri viðleitni að skapa öruggt starfsumhverfi í íþrótta- og æskulýðsstarfi og skólastarfi.
4. Setja ákvæði í samninga við íþrótta- og æskulýðshreyfinguna að unnið skuli að jafnréttismálum almennt sem og að til séu aðgerðaráætlanir þegar upp koma mál sem snúa að ofbeldismálum almennt, kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi. Lagabreyting, sbr. tillögu 3, styður við slíkar áherslur og framkvæmdina sbr. tillögu 4.

5. Að tryggja að íþrótt- og æskulýðshreyfingin hafi aðgang að fagráði eineltismála grunn- og framhaldsskóla sem staðsett er í Menntamálastofnun, eða að sambærileg lausn verði fundin hið fyrsta.

3.4 Tillögur sem lúta að sveitarfélögum

1. Sveitarfélög áskilji sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþrótt- og æskulýðsfélaga við að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir.
2. Sveitarfélög stuðli að fræðslu þjálfara, starfsfólks og annarra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni, kynferðisofbeldi og hvernig bregðast eigi við því.
3. Með vísan til jafnréttissjónarmiða verði hnykkð á því að stjórnendur í íþrótt- og æskulýðsstarfi beri sérstaka ábyrgð á því að allt starf sé skipulagt með jafnrétti að leiðarljósi og þegar samningar verða endurnýjaðir verði sett inn ákvæði sem setja skyldur á félögin að hafa skýra og virka jafnréttis- og aðgerðaráætlun.
4. Sveitarfélög bjóði íþrótt- og æskulýðsfélögum aðstoð í formi fagþekkingar, bæði við gerð viðbragðsáætlunar og eftirfylgni og eins aðstoð við úrvinnslu mála, t.d. með því að bjóða fram fagfólk frá félagsþjónustu eða öðru stuðningskerfi.



Framtíð Secret Solstice

Í sumar fór fram fimmta hátíð Secret Solstice. Á þessum árum hefur byggst upp mikil og dýrmæt þekking á framkvæmd svona hátíðar innan okkar hóps og vörumerkið Secret Solstice er orðið alþjóðlega þekkt vörumerki. Nú er svo komið að allir sem koma að lifandi tónlistarflutningi vita af hátíðinni og hún komin á stall með öðrum alþjóðlegum evrópskum tónlistarhátíðum. Leyfi Secret Solstice til að halda hátíðina í Reykjavík var til fimm ára og rennur út árið 2020. Það er mikill vilji til að halda samstarfi við Reykjavíkurborg áfram en við teljum að þörf sé á að endurmeta ákveðna þætti hátíðarinnar sem við óskum eftir að gera í góðu samstarfi við borgina.

Efnagagslegt fótspor hátíðarinnar þau fimm ár sem hún hefur verið haldið í Reykjavík er um 5-7 milljarðar og hafa skipuleggjendur hátíðarinnar eitt tugum milljóna í að auglýsa hátíðina og Reykjavík ár hvert síðustu ár. Um 1/3 af gestum hátíðarinnar hafa verið erlendir aðilar sem koma gagnert til Reykjavíkur til þess að njóta þess sem hátíðin hefur upp á að bjóða. Við teljum því að hagsmunir borgarinnar og hátíðarinnar fari vel saman og að viðburðirnir hafi gefið vel af sér fjárhagslega í efnahagslíf sem og menningarlíf borgarinnar.

Sá uppbyggingartími sem að baki er hefur bæði verið lærdómsríkur og eðlilega kostnaðarsamur fyrir rekstraraðila. Því fylgir áhætta að skipuleggja tónlistarviðburði utanhúss hér á landi og hefur það verið rekstrinum sérstaklega þungbært í ár. Rekstur hátíðarinnar hefur ekki skilað hagnaði hingað og hafa eigendur félagsins þurft að leggja því til fé ár hvert til að halda áfram uppbyggingu hennar. Að sjálfsögðu er það von eiganda að sú fjárfesting muni á endanum skila sér til baka á næstu árum, enda metnaður til að halda góðri uppbyggingu áfram.

Samstarf við Lögreglu, slökkvilið og starfsmenn borgarinnar hefur verið með miklum ágætum og við tekið alvarlega allar athugasemdir sem okkur og leyst án tafar. Öll þau fimm ár sem hátíðin hefur verið haldin hefur hún farið friðsamlega fram. Þetta er árangur af því að við tökum öryggi gesta okkar mjög alvarlega og höfum alltaf tekið þá stefnu að vinna eins mikið og hægt er með lögreglu, slökkviliði og öðrum þeim sem koma að velferð þeirra sem koma á hátíðina okkar.

Tekjur hátíðarinnar í sumar voru verulega undir væntingum og hafði veðrið mikið um það segja. En sala miða og á innlendum markaði fer mjög eftir veðurfari á hátíðir sem þessar. Þetta endurspeglar bæði í miða og veitingasölu.

Stjórnendur hafa síðustu vikur verið að fara yfir stöðuna og skoðað framhald hátíðarinnar. Niðurstaðan er sú að fjárfestar okkar eru ekki tilbúnir að leggja fé til rekstursins í núverandi formi, en heildarframlag eiganda þessi fimm ár er á bilinu 250 til 300 milljónir króna.

Til að greina hvar tækifæri liggja í frekari uppbyggingu og frekara samstarfi vil ég með þessu bréfi opna á mögulegar breytingar og samstarf við borgina með það að markmiði að gera að styrkja markmið Reykjavíkurborgar um blómlegt menningarlíf.

Eitt af því sem við viljum skoða og ræða er staðsetning hátíðarinnar. Það hefur reynst rekstrarlega óhagkvæmt að halda hátíðina í Laugardalnum. Kostnaðarliðir svo sem leiga, kostnaður við uppsetningu ásamt t.d. því að sum svæði þess eru mjög viðkvæm fyrir ágangi og þurfa viðgerðir eftir hvert ár.

Aðkoma og bílstæðin í kringum hátíðarsvæðið í Laugardal hafa boðið upp á það að fólk, og þá mest yngra fólk, hefur safnast þar saman og nýtt stæðin til að drekka utan svæðisins. Við höfum ítrekað beðið um að þessum stæðum verði lokað á meðan á hátíðinni stendur án árangurs. Mikilvægt er að hægt sé að bregðast við vanda sem þessum og horfa úrbóta hvað þetta varðar.

Hátíð sem þessi verður alltaf haldin í náinni samvinnu við stjórnendur og íbúa borgarinnar. Því höfum við lagt mikið upp úr því það að eiga í góðu samstarfi við nágranna okkar í dalnum. Íbúum hafa boðist afslættir, kynningar og íbúafundir hafa verið haldnir til að auka samvinnu með hagsmunaaðilum og reynt að komast til móts við sjónarmið sem flestra. Við höfum átt gott samstarf við flesta þá sem við höfum unnið með í hverfinu.

Þrátt fyrir þetta hefur því miður borið á neikvæðri umræðum í fjölmiðlum því ekki eru allir sáttir við staðsetningu hátíðarinnar. Neikvætt umræða íbúa við dalinn og neikvætt viðhorf í íbúahópnum hefur óhjákvæmilega haft íþyngjandi áhrif.

Hátíðin hefur frá upphafi kappkostað gott samstarf við borgina, löggæslu og slökkvilið til að tryggja öryggi gesta og sporna við óæskilegri hegðun og sporna við unglingadrykkju. Sé litið kostnaðar vegna þessara þátta þá hefur kostnaður opinberra aðila hækkað gríðarlega. Kostnaður vegna löggæslu hefur margfaldast og slökkvilið tvöfaldast á sama tíma og hátíðin hefur minnkað að umfangi. Hátíðin var fjölmennust árið 2016 þegar hana sóttu 18 þús manns. Í sumar voru gestirnir 10 þús.

Þá verður svo að teljast ósanngjarnt að á meðan önnur hátíð hér í borginni, Iceland Airwaves hefur fengið tugi miljóna í styrki síðustu ár þá var það litla sem við þó fengum tekið af okkur nú fyrir þetta ár. Upphæð sem var rúm miljón árlega.

Eins og áður sagði er mikill vilji hjá skipuleggjendum að halda góðu samstarfi áfram og viljum við gjarnan fá umræðu um með hvaða hætti borgin sér fyrir sér tækifæri í frekara samstarfi til næstu ára og jaframt hvernig borgin gæti komið að enn frekari stuðningi og uppbyggingu við skipulagningu, markaðsstarf og samvinnu með borgarbúum.

Spennandi þróun fór af stað á árinu 2017 og var töluverðu fjármagni varið í að teikna upp hátíðarsvæði á Klambratúni í nánú samstarfi við starfsmenn borgarinnar. Allar teikningar og skipulag er tilbúið vegna þessa. Á elleftu stundu, vegna framkvæmda við Miklubraut síðasta sumar, varð því miður ekkert af því að hátíðin yrði flutt þangað. Það svæði hentar mun betur fyrir svona hátíð en Laugardalurinn og við viljum endilega endurverkja þá hugmynd. Búið var að halda samráðsfundi með lögreglu og slökkviliði vegna þessa og tekið vel í hugmyndina á þeim fundum

Með því að flytja hátíðina á Klambratún er hægt að spara töluverðan framleiðslukostnað auk þess sem svæðið sjálft liggur að miðbænum sem tengir hátíðina beint við miðbæinn með svipuðum hætti og Iceland Airwaves.

Við erum meira en tilbúin til þess að skoða það setja Klambratúnið upp og vinna með Reykjavíkurborg í því að halda lífi á svæðinu með ýmisskonar viðburðum, tónlist og útiveitingum næsta sumar. Bæði með skipulagðri dagskrá og svo möguleikanum á því að setja upp skemmtanir með stuttum fyrirvara þegar veður býður upp á það. Það er dýrt að setja hátíðina upp og taka niður aftur fyrir bara 3-4 daga. Með þessu samstarfi sparast mikill kostnaður og hægt verður að gera Klambratúnið að spennandi viðkomustað fyrir bæði íslendinga og erlenda ferðamenn.

Þessa dagana er heildarendurskoðun á uppsetningu okkar fyrirtækis í gangi og erum við með fjárfesta og stuðningsaðila sem vilja gera langtímasamninga um aðkomu að hátíðinni en til þess að af því geti orðið þurfum við að ná samkomlagi við borgina um framhaldið.

Það væri mikil synd ef öll sú fjárfesting sem lögð hefur verið í að byggja upp þessa hátíð síðustu ár fari í súginn.

Við vonum að þetta mæti skilningi og velvilja innan borgarinnar til að hlúa að þessu verkefni og óskum eftir fundi sem fyrst með fulltrúum borgarinnar til að ræða framhaldið.

Með kveðju



Katrín Ólafsson

Borgarráð 6.9.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um viðbrögð vegna útgjalda vegna langtímaveikinda R18090022

Í árshlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir janúar-júní 2018 kemur fram að útgjöld vegna langtímaveikinda hafi numið alls um 357 m.kr í grunnskólum, leikskólum og frístund og að gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum séu samtals 62 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu, sem bendir til þess að vandinn sé meira en gert var ráð fyrir. Þetta sýnir fram á að vandinn er augljóslega meiri en borgin gerir ráð fyrir. Draga má þá ályktun að mikið álag sé á starfsfólkinu í þessum störfum og geta langtímaforföll m.a. átt sér stað vegna útkeyrslu og kulnunar í starfi. Hafa ástæður þessara langtímaveikinda verið kannaðar? Er mögulega eitthvað í starfsumhverfi sem ýtir undir þessi langtímaveikindi? Hvernig hyggst borgin bregðast við þessum miklum langtímaveikindum starfsfólks síns? Hver hafa útgjöld verið vegna langtímaveikinda á þessum starfsviðum síðustu tíu ár? Hefur aukning átt sér stað í langtímaveikindum starfsfólks á þessum starfssviðum síðustu tíu árin?

Borgarráð
6. september 2018

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um biðtíma leik- og grunnskólabarna eftir sálfræðiþjónustu

Hversu langur biðtími er eftir eftirfarandi sálfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar?

1. Viðtali við sálfræðing t.d. vegna kvíða, þunglyndis, félagslegra vandamála, eineltis og/eða almenna ráðgjöf?
2. Greiningu í forgang 2 og 3 samkvæmt stigskiptingu tilvísana sem berast þjónustumiðstöðvum en sú greining felur í sér fyrirlögn WISC greindarprófs (Wechsler Intelligence Scale for Children (WISC)), og annarra kvarða eftir atvikum í þeim tilfellum þegar grunur leikur á um þroskafrávik, sértæka námsörðugleika, ADHD eða aðrar raskanir? (Nánar um stigskiptingu til skýringar: Forgangur 2 er grunur um alvarleg þroskafrávik. Forgangur 3 er vægari raskanir, s.s. ADHD, sértækir námsörðugleikar og þess háttar þar sem skilað er álitserð sem inniheldur það samkomulag sem sálfræðingur, skóli og foreldrar hafa ákveðið.)
3. Skólamál s.s. beiðni um að sálfræðingur komi inn í bekk/bekki með fræðslu um einelti eða önnur sálfræði- tilfinninga- og/eðafélagstengd málefni

Óskað er eftir því að nákvæmlega þessum spurningum verði svarað og að svörin verði sundurliðuð eftir þjónustumiðstöðvum/hverfum.




Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 23.08.2018



Efni: Stýrð lokun á Heiðmerkurvegi


Veitur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hafa áhyggjur af vélknúnni umferð um vegi í Heiðmörk án takmarkana. Hún eykur hættu á að olíumengun geti borist í vatnsból höfuðborgarbúa. Þessar áhyggjur hafa komið fram áður, sbr. meðfylgjandi erindi frá árunum 2010 og 2013.

Veitur og HER telja að svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið um verndun grunnvatns til langrar framtíðar knýi Reykjavíkurborg til að taka á vandanum. Bent er á nálgun Garðbæjar með ákvæði í deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar í Garðabæ, sem samþykkt var í desember 2017. Með því er með hliði hægt að stýra umferð í Heiðmörk Garðbæjarmegin, við austurenda Víðistaðarhlíðar. Slíkt má líka gera Reykjavíkurmegin en gæta þarf samræmis milli sveitarfélaganna.

Mikilvægi Heiðmerkur er fyrst og fremst sem vatnsverndarsvæðis og umsvif þar þurfa að taka mið af því. Aðgang útvistarfólks að svæðinu má tryggja með tilliti til vatnsverndarinnar með aðgerðum á borð við þá sem hér er lögð til. Frekari útfærslu t.d. á safnsvæðum fyrir bíla með tilheyrandi mengunarvörnum má síðan skilgreina nánar í deiliskipulagi sem brýnt er að klára.

Á mynd 1 má sjá þann fjölda slysa og útafakstur ökutækja í Heiðmörk sem hefur verið skráður af Veitum sl. 10 ár. Atvikaskráin er ekki tæmandi og í henni eru ekki óhöpp annars staðar á vatnsverndarsvæðinu en innan Heiðmerkur. Bláu punktarnir sýna útafakstur og rauðu punktarnir sýna staðsetningu útafaksturs þar sem olía eða glussi lak út í umhverfið.

Hingað til hafa höfuðborgarbúar verið svo lánsamir að hægt var að hreinsa upp mengunina. Ekki er hægt að treysta á að svo verði áfram. Flest þessara atvika hafa verið í slæmri færð eða við hraðakstur, oft í skjóli nætur. Það er því forgangsmál fyrir alla höfuðborgarbúa að gripið sé til forvarna hið fyrsta og að umferð sé stýrt um Heiðmerkurveg frá öllum aðkomuleiðum.



Mynd 1: Rauðir punktar sýna slys og útafakstur þar sem olía hefur lekið út í umhverfið og bláir punktar sýna útafakstur á Heiðmerkursvæðinu. Hvítt strik sýnir tillögu að staðsetningu á hliði.



Mynd 2: Staðsetning útafaksturs og staðsetning vatnstökusvæða



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Vegir í Heiðmörk eru utan vegflokka Vegalaga. Samkvæmt 1. mgr. 55. gr. Vegalaga nr. 80/2007 þarf heimild sveitarstjórnar til lokunar vega sem ekki tilheyra vegflokki. Því óska Veitur og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hér með eftir því að Borgarstjórn Reykjavíkur heimili stýrða lokun á vegum í Heiðmörk við vissar aðstæður og á ákveðnum tímum.

Veitur myndu bera allan kostnað við uppsetningu og rekstur hliðsins og óska samráðs við Reykjavíkurborg um uppsetningu þess. Hugmynd Veitna og HER að staðsetningu er sýnd með rauðri línu á mynd 3.



Mynd 3: Rauð lína sýnir staðsetningu á hliði Reykjavíkurmegin.

Með aðgangsstýrðu hliði verður mögulegt að stjórna hvenær Heiðmerkurvegur er opinn almennri umferð. Hliðið yrði sett upp þannig að ávallt sé hægt að komast út af svæðinu og að slökkvilið, lögregla, starfsmenn Veitna og Skógræktarfélags Reykjavíkur ásamt sumarbústaðaeigendum geti komist leiðar sinnar. Lagt er til að á næturnar, t.d. frá kl. 22 fram til kl. 7 verði hliðið að jafnaði lokað fyrir almennri umferð. Á veturna þegar mikil hálka er á veginum, færð slæm af öðrum sökum eða ástand vega bágborið verði hliðið lokað og vegurinn þar með fyrir almennri umferð. Starfsmaður Veitna fylgist með ástandi vega, færð og veðri á vetrum og lagt er til að hann hafi samráð við Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur hvert sinn um sérstakar lokanir. Almennningur verði upplýstur um sérstakar og almennar lokanir á veginum á sama hátt og greint er frá opnun og lokun skíðasvæðanna í Bláfjöllum og Skálfellum sem og á heimasíðum Veitna og Reykjavíkurborgar. Haft verði samráð við Garðabæ um þessa tilhögun.




Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur




VEITUR

Með von um skjót og góð viðbrögð.

Virðingarfyllst,


Inga Dóra Hrólfsdóttir
framkvæmdastjóri Veitna


Arny Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Meðfylgjandi:

Umsógn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 13. september 2010 og bréf Orkuveitu Reykjavíkur dags. 27. mars 2013.

Skipulags- og byggingarsvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 3
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2010
Tilvísun: 2006010443/10.0

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu dags. 9. ágúst 2010 að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk í landi Reykjavíkur.

Vísað er til tölvubréfs Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 13. ágúst 2010 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk í landi Reykjavíkur. Í bréfi er talað um tillögu dags. 8. júlí 2010 en meðfylgjandi gögn eru dags. 9. ágúst 2010, þau gögn liggja til grundvallar þessari umsögn.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja, þ.e. umhverfisskýrslu og greinargerð með deiliskipulagstillögunni unnum af Landmótun sf. dags. 9. ágúst 2010 fyrir Skipulags- og byggingarsvið.

Almennar athugasemdir:

Um er að ræða deiliskipulag fyrir Heiðmörk en svæðið er að mestu vatnsverndarsvæði og aðalvatnstökusvæði höfuðborgarbúa. Hlutar svæðisins eru einnig á náttúruminjasrá, friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði. Heiðmörk öll er á mjög viðkvæmu svæði landfræðilega vegna gljúps hrauns og aðliggjandi sprungna auk þess að vera að stærstum hluta grann- og brunnsvæði vatnsverndar.

HER telur nauðsynlegt að við umræðu um tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk komi fram að Heiðmörk liggur í tveimur sveitarfélögum; Reykjavík og Garðabæ en er ekki deiliskipulögð í einu lagi. Í umhverfisskýrslu og greinargerð með tillögunni er eingöngu fjallað um Heiðmörk innan landamerkja Reykjavíkur og gerir HER athugasemd við að deiliskipulagið skuli ekki vera gert í einni heild og með aðkomu annarra svæða sem hafa hagsmuna að gæta þar sem um vatnsverndarsvæði er að ræða og snertir nágrannasveitarfélögin. Vatn virðir ekki landamæri og innan Heiðmerkursvæðisins eru aðalvatnstökusvæði höfuðborgarbúa eins og áður sagði. Um vatnsverndarsvæðið gildir samþykkt nr. 636/1997 sem öll sjö sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru aðilar að og eiga hagsmuna að gæta vegna vatnsverndar og vatnstöku. Framkvæmdastjórn sem skipuð er framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlita á svæðinu er starfandi skv. samþykktinni til að gæta hámarkshollustu neysluvatns á svæðinu til framtíðar.

Í umhverfisskýrslunni koma fram fjórir valkostir A-D er varða deiliskipulag fyrir Heiðmörk og er ítarlegast fjallað um valkost A sem sagður er hafa minnst umhverfisáhrif.

Að mati HER er of mikil áhersla lögð á aðgengi einkabílsins og ekki útfærðir aðrir valkostir sem auka vægi vistvænni ferðamáta um svæðið til framtíðar. HER er sammála því að svæðið á að nýtast sem útivistarsvæði en það þarf að vera í sátt við vatnsvernd og að sjálfbærni sé tryggð. Í þessu samhengi má skoða hvernig útfærsla á útivistarsvæðum í nágrannalöndunum er hugsuð t.d. "græni trefill" Oslóbúa en þar er meira og minna lokað fyrir bílaumferð en

áherslan lögð á að auðvelda umferð gangandi, hjólandi og fatlaðra þrátt fyrir að ekki sé um vatnsverndarsvæði er að ræða.

Tillaga A er jákvæð að því leiti að lagt er til að Strípsvegi sé lokað sitt hvoru megin við Strípshraun og þannig komið í veg fyrir gegnumakstur þar. Eins er jákvætt að mengunarvörnum sé komið upp á Heiðmerkurvegi milli vatnstökusvæðanna við Myllulæk og Gvendarbrunna á um 2 km kafla. HER gerir þó athugasemdir við að litlar mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir aðrar koma fram í skipulagstillögunni.

Að mati HER þarf að ganga mun lengra t.d. með lokun Hjallabrautar til að koma í veg fyrir gegnumakstur þar og að mengunarvörnum sé komið upp víðar s.s. almennt á bílastæðum og meðfram vegum.

Lagfæring vega er jákvæð m.t.t. hjólandi, gangandi og fatlaðra en getur verið tvíþend m.t.t. hraðari umferðar bifreiða um svæðið. Jákvætt er að bundið slitlag í sátt við mikilvægi svæðisins sem vatnsverndarsvæðis er hugsað á vegi/stíga þar sem rykuppþýrlun verður minni. Deiliskipulagstillagan ætti líka að eiga vísun í stefnumótun borgarinnar í vistvænum samgöngum, hjóleiðaáætlun o.s.frv.

HER vill einnig benda á að í gögnum með deiliskipulaginu er þess hvergi getið að allar framkvæmdir inni á svæðinu sem geta sett vatnsvernd í uppnám eru háðar starfsleyfum heilbrigðisnefndar og ströngum skilyrðum þar um vegna hættu á mengun grunnvatns.

Markmiðið með deiliskipulagi fyrir Heiðmörk ætti að mati HER fyrst og fremst að vera að tryggja öryggi neysluvatnsins og styrkja vatnsverndina á svæðinu í sátt við aukið útivistargildi svæðisins og að mat á útivistarþoli verði gert sem tæpt er á í gögnum en hefur ekki farið fram. Gæði sem falin er í ástandi grunnvatns og neysluvatns frá Heiðmerkursvæðinu er óumdeild auðlind sem á að verja til allrar framtíðar. Því ætti að mati HER að koma fram metnaðarfullri valkostir í deiliskipulagstillögu fyrir Heiðmörk m.t.t. framtíðarsýnar og sjálfbærni en hér eru til umsagnar og tekið í þeim tillit til stefnumótunar borgaryfirvalda t.d. varðandi samgöngumál og Reykjavíkur í mótun auk reglugerða og samþykka um vatn og vatnsvernd.

Athugasemdir við meðfylgjandi gögn

Heiðmörk – deiliskipulag útivistarsvæðis. Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslunni 3. kafla, er lýst fjórum valkostum A-D og þeir metnir m.t.t. samgangna ásamt því að lýst er uppbyggingu þjónustukjarna. Í kafla 6 er gert umhverfismat annars vegar vegna samgangna og hins vegar vegna þjónustukjarna sbr. töflur 6.2 og 6.3 í skýrslunni.

Hvað varðar umhverfismat vegna samgangna er í skýrslunni fjallað ítarlega um valkost A sem sagður er hafa minnst áhrif á umhverfið. HER hefði viljað sjá fleiri valkosti en fram koma í umhverfisskýrslu þar sem kostur A gengur ekki nógu langt að mati þess í tryggingu á vatnsvernd sem ætti að vera aðalatriði tillögunnar og koma skýrt fram. Að mati HER er of mikil áhersla lögð á aðgengi einkabílsins og ekki útfærðir aðrir valkostir sem auka vægi vistvænni ferðamáta um svæðið m.t.t. verndargildis.

Í umhverfismati vegna uppbyggingu þjónustukjarna kemur ekki nægilega skýrt fram hvað átt er við með þjónustukjarna í þessu samhengi og þarf að útskýra betur m.t.t. umfangs, fráveitu og annarra hugsanlegra framkvæmda.

Athugasemdir við valkosti sem gerðir voru m.t.t. samgangna:

Valkostur A gerir ráð fyrir að halda í núverandi skipulag en að gerðar verði fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir sem snúa að mengunarvörnum á um 2. km kafla af 27 km vegakerfi Heiðmerkur og draga úr umferðarhraða með hraðahindrunum til að minnka hættu á mengun grunnvatns. Í lýsingu á valkosti A kemur fram að í umhverfismatinu sé lagt mat á þennan valkost þar sem talið er að hann hafi minnst áhrif á umhverfið.

Að mati HER felur kostur A í sér þær umbætur að lokað er fyrir umferð gegnum Heiðmörk um Strípsveg sitt hvoru megin við Strípskraun og gegnumakstur hindraður þar. Kosturinn felur í sér að umferðarhraði eigi að minnka með því að settar verði hraðahindranir á ákveðnum stöðum og að vegir verða bættir með því að leggja þá bundnu slitlagi.

HER lítur á þetta sem jákvæðar úrbætur m.t.t. umferðaröryggis og loftgæða. Í skýrslunni kemur fram að kröfur eru gerðar um efnisval í slitlag vegna sérstöðu svæðisins. Í kostinum koma fram mótvægisáðgerðir sem miða að úrbótum á allra viðkæmasta svæðinu við veginn sem liggur milli Gvendarbrunna og Myllulækjar að Hraunslóða, sem eru afgirt brunnsvæði og vatnstökusvæði.

Mótvægisáðgerðir í skýrslunni eru sums staðar sagðar olígildrur en eru í raun mól og jarðvegsdúkur á stuttum kafla við veginn milli Gvendarbrunna og Myllulækjar.

Í valkostinum vantar að útfæra hugmyndir um bundið slitlag á vegi og stíga miðað við vatnsverndasvæði eins og fjallað er um í greinargerð.

Heiðmörk er á mjög viðkvæmu svæði m.t.t. vatnsverndar sem grann- og brunnsvæði en ekki er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum varðandi lekaslys á vegum eða plönnum að öðru leyti en á þeim stutta kafla sem hér hefur verið nefndur né að gert sé ráð fyrir lokunum á hring- og gegnumakstri s.s. að loka fyrir umferð á Heiðmerkurvegi (Rauðhólavegur, Hjallabraut) og á veginum sunnan Elliðavatns. Mótvægisáðgerðir vegna mögulegarar mengunar á Suðurlandsvegni sem er innan fjarsvæðis og nýtur mun minni verndar en Heiðmerkursvæðið sem dæmi, ganga mun lengra en þessi tillaga tekur til. HER vekur athygli á að í valkosti A sem á að hafa minnst umhverfisáhrif er ekki talað um lokun á akstursvegi suður með Elliðavatni sem í valkosti B er talinn hafa neikvæð umhverfisáhrif.

Valkostur B gerir ráð fyrir aðalinnkomu inn á svæðið um Heiðmerkurveg og akstursleið suður með Elliðavatni. Vegurinn suður með Elliðavatni er ekki talinn koma til álita þar sem hann geti haft neikvæð áhrif á ýmsa umhverfisþætti og styður HER að þessi kostur verði ekki valinn. Hinsvegar vill HER vekja athygli á því að í kosti A sem á að hafa minnst umhverfisáhrif er hins vegar ekki talað um lokun á akstursvegi suður með Elliðavatni sem í valkosti B er talinn hafa neikvæð umhverfisáhrif.

Valkostur C gerir ráð fyrir opnun við Silungapoll þar sem er lokað í dag. Lokunin kemur í veg fyrir gegnumakstur í Heiðmörk frá Suðurlandsvegi, ekki síst þungra bíla sem vilja stytta sér leið yfir í Garðabæ. Þessi kostur kemur engan vegin til greina að mati HER.

Valkostur D sem er núllkostur tillögunnar eða óbreytt ástand, er sagður hafa tilheyrandi neikvæð áhrif á vatnsvernd. HER tekur undir að óbreytt ástand er ótryggt þá m.t.t. vatnsverndar. HER bendir hins vegar á að ekki er um stórvægilegar breytingar né framtíðarsýn/sjálfbærni frá skipulagi svæðisins eins og það er í dag samanborið við valkost A sem talinn er hafa minnst umhverfisáhrif á þessu viðkvæma svæði.

Aðrar athugasemdir við umhverfisskýrslu

Í kafla 6.2 um áætlanir á landsvísu og alþjóðlegar samþykktir eru taldir upp nokkrir þættir, m.a. verkefni, lög o.fl. Hins vegar er á engan hátt getið reglugerða um vatn, neysluvatn, samþykktar um vatnsvernarsvæðið, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir né væntanlegar vatnatilskipunar, sem er óeðlilegt í ljósi þess að um vatnsverndarsvæði er að ræða.

Í kafla 7. um niðurstöðu mats er HER ekki sammála því að þær mótvægisáðgerðir sem fram koma í umhverfisskýrslu tryggi vatnsvernd þar sem eftirlitið telur að mun lengra þurfi að ganga frá núllástandi og jafnframt tryggja að svæðið verði Reykjavík til sóma sem vatnsverndarsvæði í sátt við frábært útivistarsvæði.

Í skýrslunni er þess hvergi getið að allar framkvæmdir á svæðinu eru ógn við vatnsverndina þó að lokamarkmiðið sé styrking né að framkvæmdir eru háðar starfsleyfum heilbrigðisnefndar.

Heiðmörk deiliskipulag útivistarsvæðis: Forsendur, landgreining, frumhugmynd og skilmálar. Greinargerð

Markmið deiliskipulags fyrir Heiðmörk skv. geinargerðinni er að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðis til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar svæðsins sbr. kafla 1.3. Uppsetningar í markmiðskafla greinargerðar samanborið við umhverfisskýrsluna eru ólíkar. Í kaflanum er sleppt út í upptalningu því er snýr að verndun vatns en er aftur á móti getið í texta.

Eins og þegar hefur komið fram sem athugasemd við umhverfisskýrslu vantar að sama skapi tengingu við reglugerðir og samþykktir sem snúa að vatnsvernd í greinargerðinni.

Umhverfisþættir sem tengjast umferð manna og notkunar svæða eru lítil skil gerð. Vægi þátta s.s. sorpsöfnunar og –losunar, frárennslismál frá mannvirkjum þarf að gera betri skil.

Ekki er minnst á að öll uppbygging og framkvæmdir á svæðinu eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar á framkvæmdartíma eða starfsleyfa vegna ýmiss reksturs.

Markmiðið með deiliskipulagi fyrir Heiðmörk ætti að mati HER fyrst og fremst að vera að tryggja öryggi neysluvatnsins og styrkja vatnsverndina á svæðinu í sátt við aukið útivistargildi svæðisins og að mat á útivistarþoli verði gert en það hefur ekki farið fram.

Athugasemdir við einstaka kafla í greinargerð með deiliskipulagstillögu:

1.3. Markmið

HER gerir athugasemd við að eitt helsta markmið deiliskipulagsins er að auðvelda samgöngur inn á svæðinu. HER telur að markmiðið ætti fremur að vera að gera samgöngur að svæðinu aðgengilegri og öruggari og síðan aðrar samgönguleiðir en á einkabílum veigameiri inni á svæðinu, til að tryggja sjálfbærni svæðisins þrátt fyrir að útivist fólks verði meiri í Heiðmörk. Markmiðið með deiliskipulagi fyrir Heiðmörk ætti að mati HER fyrst og fremst að vera að tryggja öryggi neysluvatnsins og styrkja vatnsverndina á svæðinu í sátt við aukið útivistargildi svæðisins og að mat á útivistarþoli verði gert en það hefur ekki farið fram.

Að mati HER er grundvallarmisskilningur sem kemur fram í greinargerðinni að verið sé að bæta vatnsvernd með valkosti A. Vissulega er um úrbætur að ræða varðandi lokun á Strípsvegi þannig að hringakstur þá leið er ekki mögulegur og settar mengunarvarnir á stuttum kafla Heiðmerkurveggar. Mun lengra þarf að ganga að mati HER og hafa skýra framtíðarsýn m.t.t. sérstöðu svæðisins aðallega sem vatnsverndarsvæðis.

Í kaflanum er fjallað um að svæðið verði vaktað sérstaklega með tilliti til vatnsverndar og náttúru svæðisins og að virkt eftirlit skuli haft með notkun þess til útivistar og áhrif hennar á vatnabúskap svæðisins rannsökuð með reglulegu millibili. Ekki er útskýrt hvernig þetta skuli framkvæmt.

HER vill benda á að eftirlit kemur ekki í veg fyrir mengunaróhöpp nema upp að vissu marki. Skipulag og aðkoma þeirra sem nýta svæðið verður að vera í lagi og í samræmi við það sem þar er leyft sbr. samþykkt nr. 636/1997 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Umferð bíla inni á svæðinu eru helsta mengunarhættan að mati HER.

2.3. Jarðfræði

Í kaflanum kemur fram að það sé mikið um bergsprungur á svæðinu. Hinsvegar er ekki talað um landsvæðið sé að miklu leyti gljúpt hraun og tengsl þess við aukna hættu á grunnvatnsmengun.

2.6. Skógrækt

Í kaflanum eru ekki nefndar reglur um takmörkun áburðarnotkunar o.fl. því tengdu sbr. samþykkt nr. 636/1997 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Skógrækt og gróðurþekja á svæðinu er mótvægi við gljúpan jarðveg sbr. jarðfræðikaflann og minnkar hraða á að mengandi efni berist í grunnvatnið við möguleg slys.

2.9 Vatnsvernd.

HER vill benda á að hér er sýnt vatnsverndarkort frá 1997 sem ekki er lengur í gildi. Árið 2007 var vatnstökusvæðið í Vatnsendakrika stækkað en sú stækkun sést ekki á kortinu og inni vatnsverndarsvæðið í Dýjakrókum sem hefur verið fellt niður.

Í kaflanum er talað um að stór hluti Heiðmerkur sé skilgreindur sem vatnsverndarsvæði en réttara er að tala um að nánast öll Heiðmörk er skilgreind sem vatnsverndarsvæði, þar af að stærstum hluta brunn- og grannsvæði.

Í setningunni þar sem sagt er að Heiðmörk falli að öðru leyti undir grannsvæði vatnsverndar þarf að bæta við að svæðið er að litlum hluta á fjarsvæði.

Í kaflanum mætti líka fjalla um lekt jarðvegs- og ákomusvæði vatns. Einnig má nefna jarðfræðieinkenni svæðisins og þ.a.l. aukna hættu á að mengun geti borist í grunnvatn.

2.12. Eignarhald, lagnir og efnistökusvæði

Athugasemd er gerð við staðhæfingu um að allt land Heiðmerkur sé í eigu Reykjavíkurborgar og OR. Hluti svæðisins er í eigu Garðabæjar þó að ákveðið hafi verið að deiliskipuleggja svæðið í tvennu lagi sem HER gerir athugasemd við þar sem nýting svæða á eða nálægt vatnsverndarsvæðum getur haft áhrif yfir landamæri. Einnig er bent á að Vatnsendi er í landi Kópavogs auk þess sem Vatnsendi er ekki innan Heiðmerkur.

Í kaflanum er rætt um Hamraneslínur 1 og 2 sem munu þvera Heiðmörk og sagt að þær hafi ekki nein áhrif á skipulag svæðisins þar sem við lagningu Suðvesturlína standi til að fjarlægja þær. Ekki er minnst í því sambandi á mengunarhættu á framkvæmdatíma við niðurrif línanna, en þær eru að hluta innan brunnsvæðis. Vatnsvernd er ógnað í hvert skipti sem farið er í framkvæmdir inni á slíkum svæðum.

2.14. Umferð

Markmið deiliskipulagstillögunnar er m.a. að auka gildi svæðisins sem útivistarsvæðis og má ætla að við það muni umferð aukast að og á svæðinu. Í kaflanum kemur fram að umferð hafi stigvaxið ár frá ári og HER lýsir áhyggjum yfir því að með valkosti A sé aðgengi einkabílsins auðveldað um of inni á svæðinu en sjálfbærni og framtíðarsýn um aðrar leiðir í samgöngum, þ.e. vistvænni samgöngur sé ekki gerð næg skil né tillögur gerðar þar um. Í greinargerð er sagt frá að á árunum 2000 til 2009 hafi bílum að meðaltali fjölgað úr 207 á dag í 370 bíla á dag. Hér vantar upplýsingar um hvað búið er við að umferð aukist mikið, dreifingu o.fl. Líklegt er að með því að leggja bundið slitlag án frekari lokanna á gegnumakstri en valkostur A gerir ráð fyrir og aukinni þjónustu á svæðinu orsaki aukningu á umferð inni á svæðinu.

3. Landgreining og samantekt

Í þessum kafla er að mati HER ýmislegt sem mætti færa til betri vegar.

-Svæði B Elliðavatn. Í umræðu um landnotkun gleymist að nefna að frístundahús eru einnig meðfram vatninu milli Elliðavatnsbæjar og Þingness, m.a. að brunnsvæðinu við Myllulæk.

-Svæði C Myllulækjartjörn. Hrauntúnstjarnir eru allar innan brunnsvæðis og það sama á við um Kirkjuhólmatjörn. Þegar rætt er um landnotkun er talað um að brunnsvæði OR og skógrækt einkenni svæðið en nefnt að grann- og fjarsvæði hafi áhrif á vatnið á brunnsvæðinu. HER vill benda á að þar sem talað er um deilissvæði C3 kemur fram að skógræktarsvæði sé að stærstum hluta innan brunnsvæðis en skv. samþykkt nr. 636/1997 er öll starfsemi innan brunnsvæða háð ströngum takmörkunum þ.á.m. skógrækt.

-Svæði D Hólmur. Hér þarf að nefna að hluti þessa svæðis er á grannsvæði vatnsverndar. Í lýsingu á landnotkun á svæðinu er talað um að svæðið sé m.a. beitarland. Heiðmörk er og mun ekki verða leyfð til beitar búfjár.

-Svæði E Hraun. Hér þarf að koma fram að svæðið er að mestu á grannsvæði vatnsverndar.

-Svæði F Elliðavatnsheiði. Hér er ekki nefnt að hluti af F4 er á brunnsvæði Vatnsendakrika sem afmarkast af Strípsvegi, Skógarhlíðum og Svartakrika miðað við fyrirbyggjandi gögn.

-Svæði G Hjallar. Á korti virðist sem svæðið fari inn á brunnsvæði Vatnsendakrika og ef svo er þarf það að koma fram.

-Svæði H Strípshraun. Geta þarf að H3 er einnig á brunnsvæði Vatnsendakrika.

3.2. Gildismat

Hér þarf að koma mjög skýrt fram að Heiðmörk er matarkista þar sem neysluvatn er flokkað sem matvæli. Hér saknar HER þess að ekki er horft til vatnsverndar sem umhverfispáttar. Grunnvatn er umhverfispáttur.

4. Skipulagshugmynd

Hér kemur fram að Heiðmörk sé fyrst og fremst hugsuð sem vatnsverndarsvæði fyrir Reykjavík og útivistar- og náttúrusvæði. Heiðmörk er að stærstum hluta vatnsverndarsvæði. HER vill benda á að svæðið er nýtt af fjölmörgum öðrum en Reykvíkum og er innan vatnsverndarsvæðis sem þjónustar meirihluta höfuðborgarbúa um neysluvatn.

Í kaflanum kemur fram um að landnotkun í Heiðmörk sé hægt að skipta upp í fjóra flokka eftir útivistarþoli. Í gögnum koma hins vegar ekki fram útreikningar á útivistarþoli sem HER telur nauðsynlegt að gera vegna sérstöðu svæðisins.

4.1. Verndarsvæði

Í lok kaflans kemur fram að ekki séu fyrirhugaðar breytingar á vatnsverndarmörkum. Þetta er rétt hvað varðar vatnsvernd innan Reykjavíkur en hins vegar hefur Kópavogsbær um árabíl reynt að fá fram skerðingu á grannsvæði og að fá því breytt í fjarsvæði vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggingar á svæðinu í landi Vatnsenda. Umrætt grannsvæði er í næsta nágrenni Myllulækjar sem er eitt aðalvatnsból Reykvíkinga.

4.2. Útivistarsvæði

Í kaflanum þar sem fram kemur að á almennu útivistarsvæðunum sé gert ráð fyrir uppbyggingu, m.a. með nýjum þjónustukjörnum o.fl. er í mótsögn við það sem kemur fram í kafla 2.13 þar sem viðhorfskannanir sýna fram á að ekki virðist mikill vilji fyrir verulegar viðbætur við núverandi aðstöðu, nema helst þá upplýsingamiðstöð og kaffihús, heldur virðast flestir frekar vilja laga og auka við þá aðstöðu sem fyrir er.

4.3. Áningarstaðir og –svæði

Þjóðhátíðarlundur er í um 100 metra fjarlægð frá brunnsvæðinu í Vatnsendakrika, en þar er fyrirhuguð frekari uppbygging frá því sem nú er, m.a. með uppsetningu hestagerðis. Með slíkri uppbyggingu er ætlunin að beina enn meiri umferð inn á svæðið en er í dag. HER vill benda á að íhuga þarf þol svæðisins áður en ákvarðanir eru teknar um að byggja enn frekar upp þar og ætti uppbygging hestagerðis t.d. heima fjær brunnsvæðum.

4.4. Ný áingasvæði og staðir

Hér þarf að koma fram að öll uppbygging í Heiðmörk er háð leyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Í kaflanum virðist ekki ígrundað hvenær farið er fram á mengunarvarnir eða ekki. Hér á eftir verða nefndir helstu staðir sem nefndir eru í kaflanum.

Heykriki. Tveir staðir á korti sem fylgir með gögnum heita Heykriki. Væntanlega er hér verið að tala um staðinn neðan Hjallabrautar. Í Heykrika er fyrirhugað að setja m.a. niður bílastæði og rútustæði. Ekki er minnst á mengunarvarnir á stæðunum.

Veislulundur. Staðsetning hans sést ekki á korti sem fylgir með gögnum. Ólíkt því sem fram kemur um Heykrika er á því svæði talað um að vera með malarborin bílastæði og viðeigandi mengunarvarnir sem mótvægisáðgerð.

Guðmundarhlíð. Að mati HER þyrfti að koma fram hvort þessi staðsetning hafi verið skoðuð með tilliti til grunnsvatnsstraumakorts hvað varðar bílastæði og nauðsynlegar mengunarvarnir.

HER vill benda á að í kaflanum er almennt verið að ræða um frekari uppbyggingu á þeim svæðum sem fyrir eru eða ný svæði. Gera verður grein fyrir því í deiliskipulagi að öll

bílastæði uppfylli þær kröfur um mengunarvarnir sem HER setur.

4.5 Ræktunarsvæði.

Talað er um svæði þar sem takmörkun er á skógrækt séu svæði sem njóta hverfisverndar. Hér vantar að nefna brunnsvæði og takmarkanir sem gilda um starfsemi á grannsvæði vatnsverndar.

Öll starfsemi á grann- og brunnsvæði vatnsverndarsvæðis er háð leyfi heilbrigðisnefndar.

4.6. Byggingarsvæði.

Hér er ekki minnst á fyrirhugaða lagningu Suðvesturlína um Heiðmörk. Skoða þarf það sem fram hefur komið í umsögnum heilbrigðisnefnda og Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar lagningu línanna á svæðinu.

HER áréttar það sem áður hefur komið fram að öll starfsemi á grann- og brunnsvæði vatnsverndar er háð leyfi heilbrigðisnefndar.

4.7. Samgöngur.

Að mati HER ætti að koma skýrt fram um samgöngur á svæðinu tillögur varðandi sjálfbærni og vistvænar samgöngur um svæðið t.d. að stefnt yrði á að draga úr bílaumferð en auka hlutgangandi og hjólandi, auk þess sem fötluðum væri um leið gert auðveldara að fara um.

Í kaflanum er talað um að þar sem vegur liggur á milli brunnsvæðis við Myllulækjartjörn og meðfram Hraunslóða sé gert ráð fyrir mengunarvörnum s.s. jarðvegsdúk og mól þannig að hægt verði að bregðast við mengunarslysum á skjótan hátt. Þetta hefði þurft að sýna á korti og gera betur grein fyrir því hvaða vegarbút er um að ræða og hvernig útfærsla mengunarvarnanna er háttað.

Að mati HER er jákvætt að í samræmi við valkost A í umhverfisskýrslu yrði Strípsvegi lokað á þeim kafla sem liggur um Strípshraun.

Í umræðu um Heiðmerkurveg vill HER leggja áherslu á að farin verði sú leið í deiliskipulaginu að loka þeim vegi miðsvæðis á sama hátt og fyrirhugað er með Strípsveg. Í þessu samhengi má skoða hvernig útfærsla á útivistarsvæðum í nágrannalöndunum er hugsuð t.d. “græni trefill” Oslóbúa en þar er meira og minna lokað fyrir bílaumferð *um* en tryggt gott aðgengi að svæðinu og áhersla lögð á greiða umferð gangandi, hjólandi og fatlaðra.

HER leggur ríka áherslu á að í deiliskipulagsstillögu fyrir Heiðmörk sé komið í veg fyrir akstursleið á milli Garðabæjar og Suðurlandsvegar. Á þeim tíma þegar lokað var leiðinni milli Suðurlandsvegar, við Silungapoll, yfir í Garðabæ var það gert til að takmarka umferð bíla, ekki síst þyngri bíla sem væru að styttu sér leið og ætti það sama að eiga við um þessa akstursleið.

Jákvætt er að sett verði bundið slitlag með efni sem samþykkt væri á vatnsverndarsvæði. Bæði minnkar rykmengun inni á svæðinu og í nánasta umhverfi Heiðmerkur.

Í kaflanum virðist skilgreining á hugtakinu stígar bæði eiga við um vegi og göngustíga. Þetta getur valdið misskilningi og bendir HER á að betra færi að fjalla um göngustíga í sérstökum kafla.

5. Heimildir.

Bæta þarf heimildakafla. Hér er ekki vísað í neinar heimildir sem snúa að grunnvatni og vatnsvernd, heimildaskráin tekur að mestu á skógrækt á svæðinu en svæðið er fyrst og síðast vatnsverndarsvæði. Til eru samantektir á ýmsum umhverfis- og umgegnismálum er varða Heiðmörk að öðru leiti. Auk þess er ekki getið í kaflanum stefnumótunar borgarinnar í málum s.s. samgöngumálum, Reykjavíkur í mótun (SD21) o.s.frv.

Viðauki 6.

Hér vantar að tiltaka grunnvatn sem einn af umhverfisþáttum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Reykjavík, 27.03.2013

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Erindi: Lokun vega í Heiðmörk

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir heimild Borgarstjórnar Reykjavíkur til að loka veginum um Heiðmörk fyrir gegnumakstri vélknúinna ökutækja til að tryggja vatnsvernd á svæðinu. Þannig getur Orkuveita Reykjavíkur betur rækt skyldur sínar gagnvart íbúum höfuðborgarinnar og tryggt gott neysluvatn fyrir höfuðborgarbúa til langrar framtíðar.

Veginum um Heiðmörk hefur lítið verið sinnt um nokkurt skeið, en enginn formlegur veghaldari virðist á honum og því ekki ljóst hvort eða hvaða vegflokki vegurinn tilheyrir skv. vegalögum nr. 80/2007. Vegurinn er í slæmu ástandi, stórar holur hafa myndast og enginn snjómokstur eða hálkuvarnir eru á veginum. Mikil hættu skapast á veginum í snjó og þegar sveið liggur yfir honum eins og oft gerist að vetrarlagi. Bílar hafa farið út af veginum og olía lekið niður en með snarræði hefur tekist að moka olíumenguðum jarðvegi í burtu. Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa oft séð för eftir bíla sem farið hafa út af veginum en þeir verið dregnir burtu án þess að óhappið hafi verið tilkynnt.


Orkuveita Reykjavíkur óskar hér með eftir heimild borgarstjórnar til að loka veginum með keðju á tveimur stöðum (sjá kort og mynd), sbr. ákvæði 1. mgr. 55. gr. vegalaga, þar sem segir um vegi sem ekki tilheyra vegflokki:

„Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks samkvæmt lögum þessum og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.“


Haft verður samband við Garðabæ um að setja upp auglýsingaskilti um lokun við innkeyrslu í Heiðmörk Garðabæjarmegin.

Meðfylgjandi er kort sem sýnir fyrirhugaða lokun og ljósmynd sem sýnir ástand vegarins í hálku.

Virðingarfyllst,



Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna





BORGARRÁÐ 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreyfingu á íbúðum hjá Félagsbústöðum R 18080196

a)Hversu margar íbúðir losnuðu hjá Félagsbústöðum á síðasta ári? b) Hver er ástæðan fyrir því að þær losna. c)Hversu langur tími líður að meðaltali frá því að íbúð losnar og þar til að hún er leigð út aftur? d)Hve margar íbúðir eru lausar núna (ágúst/september) hjá Félagsbústöðum e) Hvenær fara þær íbúðir sem eru lausar núna í útleigu?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda R18080195

Hver er núverandi staða í Reykjavík er varðar þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda?

Hvað mörg börn eru á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðings í leikskólum borgarinnar?

Hvað mörg börn eru á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðings í grunnskólum?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hugmyndasmið að slagorðaherferð R18080193

Hver er hugmyndasmiðurinn að slagorðaherferðinni sem er núna í gangi á vögnum og vissu fulltrúar Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Álfhólmur og Mosfellsbæjar í stjórn Strætó bs. af þessari herferð?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við slagorðamerkingar strætisvagna - R18080193

Hvað kostar að slagorðamerkja einn strætisvagn?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við að heilmerkja strætisvagna R18080193

Hvað kostar að heilmerkja einn strætisvagn eins og t.d. gullvagninn?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvers vegna var hætt að selja auglýsingar á strætisvagna - R18080193

Hver voru rökin fyrir því að hætta að selja auglýsingar á vagnana en halda áfram að selja auglýsingar á strætóskyli?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við merkingar strætisvagna - R18080193

Hver er kostnaður fyrirtækisins á ári að merkja vagnana eftir að ákveðið var að hætta að selja auglýsingar?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um heildartekjur vegna sölu auglýsinga á strætisvögnum - R18080193

Hverjar voru heildartekjur á ári, síðustu 5 ár sem auglýsingar voru seldar á strætisvagna?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvenær ákveðið að hætta að selja auglýsingar á strætisvagna - R18080193

Hvenær var ákveðið að hætta að selja auglýsingar á strætisvagna?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ráðningaferli við ráðningu skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar - R18080192

Hvernig var ráðningarferli háttað við ráðningu skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar - R18080192

Reykjavíkurborg réð nýjan skrifstofustjóra yfir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, sem fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar og vinnur að verkefnum á sviði atvinnuþróunar og uppbyggingar atvinnu og íbúðarhúsnæðis í borginni í byrjun júní sl. Hann hefur enn ekki hafið störf, hver er ástæða þess og hvenær er ætlunin að hann hefji störf?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um uppbyggingaráform - R18080190

Á fundi með borgarstóra hinn 14. október 2016 og í framhaldinu birtist fréttatilkynning á vef Reykjavíkurborgar, (sjá:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/dagur_b_eggertsson_oppbygging_i_reykjavik_14okt2016.pdf voru kynnt uppbyggingaráform í Reykjavík) um stórkostleg uppbyggingaráform íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Þar kom fram að um 5.500 íbúðir væru í samþykktu deiliskipulagi, um 4.000 í skipulagsferli og 8.000 íbúðir í þróun. Hvað líður þessum áformum

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við breytingu á Hofsvallagötu - R18080189

Hver var heildarkostnaður við þrengingu og breytingar Hofsvallagötu?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við breytingar á Grensásvegi - R18080188

Hver var heildarkostnaður við þrengingu og breytingar á Grensásvegi?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um breytingar á Borgartúni - R18080187

Hver var heildarkostnaðurinn við þrengingu og breytingar í Borgartúni?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við framkvæmdir við Birkimel - R18080186

Hver er heildarkostnaðurinn við framkvæmdir við Birkimel?

Borgarráð 30.8.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við upplýsingatækni hjá borginni - R18010361

a) Hver er heildarkostnaður við upplýsingatækni hjá borginni? b) Hvernig skiptist sá kostnaður milli aðkeyptrar þjónustu og innri kostnaðar? c) Hvernig er þessi kostnaður í samanburði við almennan markað?

Borgarráð 6.9.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna bragga - R17080091

Óskað er eftir upplýsingum um umframkostnað vegna bragga að Nauthólsvegi 100.